

Þýðandi: Bjarni Gunnarsson MA  
löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur

Nr. 76 Lagt fram á dómþingi  
Héraðsdóms Reykjavíkur  
þann ~~18. DES. 2015~~  
05/01/2016

Dags. 3 september 2009

**SAMNINGUR UM VÖRSLU OG SKILYRTAN VIRÐISRÉTT Í TENGLUM VIÐ EIGNIR  
NÝJA KAUPÞINGS BANKA HF. OG KAUPÞINGS BANKA HF.**

*Reykjavík 14. 12. 2015*

STAÐUR OG DAGS:  
ÞÝÐANDI: BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG- SKJALAPÝÐANDI  
FJÓLDI BLAÐS.: 37

*Bjarni Gunnarsson*

## EFNISYFIRLIT

GREIN	SÍÐA
1. TÚLKUN	3
2. TILGREINING Á VÖRSLUEIGNUM	8
3. NOTKUN VÖRSLUEIGNA	10
4. TRYGGINGAR	16
5. VANEFNDIR	18
6. RÉTTUR TIL FRAMFYLGÐAR	18
7. STAÐFESTINGAR OG ÁBYRGÐIR	21
8. UPPHAFLEGT VIRÐISMAT AÐGREINDRA EIGNA	22
9. TÍMABUNDIÐ VIRÐISMAT	22
10. MEÐFERÐ AÐGREINDRA EIGNA	23
11. ENDANLEGT VIRÐISMAT	24
12. MATSAÐILI	27
13. FLUTNINGUR Á NÚLLVIRÐISEIGNUM	28
14. INNLÁN Í VÖRSLU NÝJA KAUPÞINGS	28
15. GILDISTAKA OG UPPSÖGN SAMNINGSINS	29
16. TILKYNNINGAR	30
17. ÞAGNARSKYLDA	31
18. KOSTNAÐUR	31
19. FRÁVIK	31
20. UNÐANÞÁGUR	31
21. UPPSÖFNUNÐ RÉTTINDI OG ÚRBÆTUR	31
22. EINTÖK	32
23. ÞRIÐJU AÐILAR	32
24. GILDANDI LÖG	32

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

SAMNINGUR ÞESSI UM VÖRSLU OG SKILYRTAN VIRÐISRETT er gerður þann

MILLI:

- (1) Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419) með skráða skrifstofu að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi („**Kaupþing**“); og
- (2) Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150 með skráða skrifstofu að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi („**Nýja Kaupþing**“)

MEÐ TILLITI TIL ÞESS AÐ:

- (A) þann 21. október 2008 voru ýmsar eignir („**fluttar eignir**“) og skuldbindingar fluttar frá Kaupþingi til Nýja Kaupþings í samræmi við eða í tengslum við neyðarlögin (sem nánar eru skilgreind hér að aftan). Að loknum þessum flutningi stendur eftir skuld Kaupþings/Nýja Kaupþings (sem nánar er skilgreind hér að aftan) sem skal jafna í samræmi við skilmála samnings þessa.
- (B) Ríkisstjórnin og Kaupþing hafa samið um tvenns konar mismunandi fyrirkomulag til að fjármagna Nýja Kaupþing og þetta fyrirkomulag er sem hér segir: (i) Fjármögnun Kaupþings (eins og nánar er skilgreint í samningi um fjármögnun Kaupþings); og (ii) fjármögnun af hálfu ríkisstjórnarinnar í samræmi við skilmála samningsins um fjármögnun stjórnvalda, ásamt viðskiptum sem lýst er í þessum samningi og í valrétti á eigin fé.
- (C) Á innköllunardegi (svo sem nánar er skilgreint í fjármögnunarsamningi Kaupþings) (skal sá dagur vera „**gildistökudagur**“) samþykkja aðilarnir að hefja þau viðskipti er varða vörslu og að halda eignum aðskildum sem lýst er í þessum samningi.
- (D) Ef fjármögnun Kaupþings eru framkvæmd í samræmi við skilmála fjármögnunarsamnings Kaupþings þá skal þessi samningur falla úr gildi í samræmi við skilmála þess samnings.

1. TÚLKUN

1.1 Orð og orðalag sem ekki er nánar skilgreint í samningi þessum skulu hafa sömu merkingu og þeim er gefin í fjármögnunarsamningi Kaupþings.

1.2 Í þessum samningi:

„**Eignavöntun**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 6.1;

„**Viðskiptadagur**“ merkir hvern þann dag nema laugardag og sunnudag þegar bankar í Reykjavík eru opnir fyrir almenna afgreiðslu;

„**Ársfjórðungur**“ merkir þriggja mánaða tímabil sem varir frá 1. janúar til 21. mars (að báðum meðtöldum), 1. apríl til 30. júní (að báðum meðtöldum), 1. júlí til 30. september (að báðum meðtöldum) og 1. október til 31. desember (að báðum meðtöldum);

„**Lokadagur**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 11.6 (d);

„**Trúnaðarupplýsingar**“ merkir upplýsingar á hvers konar formi er varðar viðskipti birtingaraðilans, viðskiptavini eða fjármál og önnur atriði (þar með taldar framtíðaráætlanir og viðskiptaþróun) en inniheldur ekki upplýsingar um:

- (a) hvaðeina sem er almennt þekkt á dagsetningu samnings þessa eða sem verður síðar almennt þekkt (annað en stafar af broti gegn ákvæðum

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

samnings þessa af hálfu viðtakanda). Samantekt á upplýsingum til almennings á formi sem ekki er almennt þekkt skal teljast upplýsingar sem ekki eru almennt vitaðar; eða

- (b) viðtakandi getur sýnt fram á að honum hafi verið birtar viðkomandi upplýsingar eftir undirritun samnings þessa af aðila sem er ótengdur birtingaraðilanum sem birtingaraðilinn taldi af skynsamlegri ástæðu að hefði haft rétt til þess (og ekki sem brot á trúnaðarskuldbindingu) og sem lagði ekki á skuldbindingu um trúnað eða takmarkaða notkun;

„**Trúnaðarlisti**“ merkir trúnaðarkvaðarskyldan lista af eignum þar sem haldið er aðskildum eignum og skuldum sem innihalda verðmæti er varða sérhverja umgirta eign sem nánar er fjallað um í 8. gr. og sem er undirrituð á undirritunardegi.

„**Gengi gjaldmiðils**“ merkir viðeigandi gengi Seðlabanka Íslands á viðeigandi dagsetningum sem nota skal við umreikning á gjaldmiðlum í samningi þessum.

„**Innlagðar eignir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.14 hér að aftan;

„**Tilkynning vegna ágreinings um innlagnir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.15 hér að aftan;

„**Tilkynning um innlögn**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.14 hér að aftan;

„**Andmælafrestur um innlögn**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.15 hér að aftan;

„**Úrlausnartímabil innlagna**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.17 hér að aftan;

„**Birtingaraðili**“ merkir aðila að samningi þessum sem veitir hinum aðilanum trúnaðarupplýsingar;

„**Úthlutanir**“ merkir með varðandi vörslueignir aðrar en reiðufé, allan höfuðstól, vexti og aðrar greiðslur og úthlutanir á reiðufé eða öðrum eignum að því er varðar þessar vörslueignir. Úthlutanir ná ekki til neinna eigna sem Nýja Kaupþing aflar sér við hvers konar yfirfærslu eða gjaldþrotameðferð vörslueigna;

„**Gildistökudagur**“ hefur þá merkingu sem gefin er í forsendu (C) hér að framan;

„**Neyðarlögin**“ merkir íslensk lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl. nr. 125/2008;

„**Kvöð**“ merkir kröfu, óveðtryggt skuldabréf, veðskuldabréf, veðtryggingu, ábyrgð, veð, veðrétt, tryggingarhagsmuni, framsal, takmörkun, kauprétt, valrétt, forkaupsrétt eða annan rétt þriðja aðila eða hagsmuni af hvers konar tagi, hvort sem veitt er sem trygging eða ekki;

„**Valréttur eigin fjár**“ merkir valrétt á almennum hlutum sem veittur er af stjórnvöldum og samanstendur af bindandi samningi sem dagsettur er í nánd við eða á undirritunardegi;

„**Vörslusamningur**“ merkir samninginn sem gerður er milli Kaupþings, Nýja Kaupþings og vörslubankans varðandi starfrækslu á vaxtareikningi sem efnislega er í formi því sem sett er fram í viðauka1 við samning þennan;

„**Vörslueignir**“ merkir eignasafn Kaupþings eins og það er ákveðið í samræmi við 2. og 3. gr. samnings þessa með verðmæti að minnsta kosti jafnt á við skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings og „**vörslueignir**“ merkir sérhverja af þeim eignum;

BIARNI GUNNARSSON  
TÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

„Vörslubanki“ merkir banka sem samkomuleg er um milli aðila sem vörsluaðila vaxtareikningsins;

„Tilkynning um ágreining um vörslu“ hefur þá merkingu sem gefin er í 2.3;

„Tímabil andmæla um vörslu“ hefur þá merkingu sem gefin er í 2.3;

„Tilkynning um greiðslu á vörslu“ merkir greiðslutilkynningu sem efnislega er í formi Viðauka 1 A sem afhenda skal í samræmi við gr. 3.20;

„Vörslutímabil“ merkir tímabilið sem hefst á gildistöku og lýkur á dagsetningu lokamats;

„Úrlausnartímabil vörslueigna“ hefur þá merkingu sem gefin er í 2.5 hér að aftan;

„Dagsetning mats vörslueigna“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.1 hér að aftan;

„EURIBOR“ merkir, hvað varðar upphæð eigna í vörslu:

- (a) viðeigandi skjágenti eins mánaðar EURIBOR; eða
- (b) (ef skjáverð er ekki tiltækt) reiknað meðaltal gengis (hækkað upp í fjóra aukastafi) á eins mánaðar EURIBOR eins og það er sent til aðilanna að beiðni þeirra og uppgengið af viðmiðunarböndunum til helstu banka evrópska sambankamarkaðarins.

Sem fengið er á fyrsta degi mánaðar og meðaltal tekið yfir vörslutímabilið;

„Skuld í evrum“ merkir upphæð í EUR sem er jafngildi fimmtíu prósentu af Kaupþing/Nýja Kaupþing skuldinni;

„Tilkynning um framkvæmd“ hefur þá merkingu sem gefin er í 6.8;

„Tilkynning um endanlegt samþykki“ hefur þá merkingu sem gefin er í 11.3;

„Tilkynning um endanlegan ágreining“ hefur þá merkingu sem gefin er í 11.2;

„Tímabil endanlegs ágreinings“ hefur þá merkingu sem gefin er í 11.2;

„Tímabil endanlegar úrlausnar“ hefur þá merkingu sem gefin er í 11.4;

„Dagsetning endanlegs virðismats“ merkir dagsetninguna þegar aðilarnir samþykkja skriflega að halda áfram að lokamati eða 30. Júní 2012 (hvort heldur sem gerist fyrr);

„Endanlegt virðismat“ hefur þá merkingu sem gefin er í 11.1;

„Stjórnvöld“ merkir fjármálaráðuneytið, kt. 550269-2829, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands;

„Fjármögnunarsamningur stjórnvalda“ merkir samninginn sem dagsettur á eða í námunda við dagsetningu undirritunar milli Nýja Kaupþings og stjórnvalda varðandi fjármögnun Nýja Kaupþings;

„Upphaflegar aðgreindar eignir“ hefur þá merkingu sem gefin er í 10.1;

- „**Tímabundnar aðgreindar eignir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 10.1;
- „**Upphaflegt mat**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 8. gr.;
- „**Vaxtareikningur**“ merkir tilgreindan vaxtaberandi reikning hjá vörslubanka undir sameiginlegu nafni Kaupþings og Nýja Kaupþings sem starfræktur er í samræmi við vörslusamninginn;
- „**Tímabundnir vextir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.20;
- „**Tímabundið vaxtatímabil**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.20;
- „**Tímabundin arðsemi**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.20;
- „**Tímabundin staðganga**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.8;
- „**Tímabundnar staðgangöngueignir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.8;
- „**ISK**“ merkir íslenskar krónur, lögmætan gjaldmiðil Íslands;
- „**Skuld í ISK**“ merkir upphæð í ISK sem er jafngildi fimmtíu prósentu af skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings;
- „**ISK innlán**“ merkir ISK 17.453.270.526 innlán Kaupþings sem Nýja Kaupþing hefur í vörslu á undirritunardegi.
- „**ISK vextir**“ merkir vaxtastig sem er jafnt og meðalvextir sem greiddir eru af Nýja Kaupþingi á ISK innlán, að viðbættum 15 punktum.
- „**Fjármögnunarsamningur Kaupþings**“ merkir samninginn sem dagsettur á eða í námunda við dagsetningu undirritunar milli Nýja Kaupþings, Kaupþing Holdco og stjórnvalda varðandi fjármögnun Nýja Kaupþings;
- „**Áheyrnarfulltrúi Kaupþings**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 10.2;
- „**Skuldbindingar**“ merkir skuldbindingar Kaupþings í samræmi við samning þennan, þar með talið til að taka af allan vafa, skuldbinding um að greiða upphæð til Nýja Kaupþings sem skal vera full og endanleg uppgreiðsla á skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings og getur „**skuldbinding**“ merkt hvort tveggja þeirra;
- „**Upphaflegar eignir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.2;
- „**Fyrirhugaðar vörslueignir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 2.2;
- „**Viðtakandi**“ merkir aðila að samningi þessum sem tekur við á trúnaðarupplýsingum frá hinum aðilanum;
- „**Afhentar eignir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 10.1;
- „**Viðkomandi atvik**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 5.1;
- „**Tilkynning um úrbætur**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 6.1;
- „**Úrbótatímabil**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 6.1;
- „**Hámark aðgreindra eigna**“ merkir upphæð sem samsvarar 125% af skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings að viðbættum 10 milljörðum ISK;

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

„**Aðgreindar eignir**“ merkir lánin sem tilgreind eru í viðbæti 2 við samning þennan og trúnaðarlista þar við og „**aðgreindar eignir**“ skal merkja hverja þeirra sem er;

„**Skjágengi**“ merkir þá gengisprósentu á ári sem tilgreind er af Evrópsku bankasamtökunum fyrir viðkomandi tímabil, sem birt er á viðeigandi síðu á skjá Reuters. Ef hinni samþykktu síðu er skipt út eða hún hættir að vera tiltæk og aðilarnir geta ekki sameiginlega tilgreind síðu sem kemur í hennar stað getur Nýja Kaupþing, að gerðu samráði við Kaupþing, tilgreint aðra síðu eða þjónustu sem birtir hið viðeigandi gengi;

„**Tryggingarhagsmunir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 4.1;

„**Vöntun**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.14;

„**Undirritunardagsetning**“ merkir dagsetninguna þegar samningurinn var gerður;

„**Staðgöngueignir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.2;

„**Tilkynning ágreining um staðgöngu**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.4;

„**Staðgöngutilkynning**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.2;

„**Ágreiningstímabíl um staðgöngu**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.4;

„**Úrlausnartímabil ágreinings um staðgöngu**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.6;

„**Viðskipti**“ merkir framkvæmd alls fyrirkomulags sem þessi samningur tekur til;

„**Yfirfærðar eignir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í forsendu (A);

„**Matsaðili**“ merkir viðurkennt endurskoðunarfyrirtæki sem báðir aðilar samþykkja fyrir 30. september 2009;

„**Tilkynning ágreining um mat**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 9.2;

„**Skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings**“ merkir mismuninn milli virðis eigna og skuldbindinga sem yfirfærðar eru frá Kaupþingi til Nýja Kaupþings þann 21. október 2008 í samræmi við eða tengslum við neyðarlögin og jafnaður er í samræmi við ákvæði samnings þessa og endanlega ákveðinn að loknu endanlegu virðismati í samræmi við 11. gr. samnings þessa. Við undirritun samnings þessa skal skuldin teljast vera ISK 38,3 milljarðar og skal aldrei verða hærri en sú upphæð (að frátöldum mögulegum vöxtum). Skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings samanstendur af upphæð í EUR (ISK 19,15 milljarðar margfaldaðir með meðalgengi Seðlabanka Íslands fyrir EUR þann 21. október 2008 sem var 150,5) og upphæð í ISK (19,15 milljarðar) og mun sem slík bera vexti í samræmi við samning þennan frá 21. október 2008 fram til lokadags.

„**Ágreiningstímabíl um virðismat**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 9.2;

„**Úrlausnartímabil um virðismat**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 9.4;

„**Frádráttarheimillar eignir**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.9;

„**Tilkynning um ágreining um frádrátt**“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.10;

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

„Tilkynning um frádrátt“ hefur þá merkingu sem gefin er 3.9;

„Ágreiningstímabil um frádrátt“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.10;

„Úrlausnartímabil um frádrátt“ hefur þá merkingu sem gefin er í 3.12; og

„Núllvirðiseignir“ merkir tiltekna eignir sem fengu virðið núll í upphafsefnahagsreikningi Nýja Kaupþings og eru tilgreindar í Viðbæti 3 við samning þennan.

1.3 Í samningi þessum:

- (a) Eru fyrirsagnir settar einungis til hægðarauka og skal ekki taka tillit til þeirra við túlkun samningsins;
- (b) tilvísun til forsendu, greinar eða viðauka eða einhvers undirkafla þeirra skal, nema annað sé tiltekið vísa til forsendu, eða greinar eða viðbættis við eða undirkafla við þá;
- (c) tilvísun til „persónu“ skal ná til einstaklings, félags, samstæðu, fyrirtækis, samstarfsaðila, samreksturs, hlutdeildarfélags, stofnunar, fjárvörslusjóðs eða embættis, hvort sem viðkomandi er sérstakur lögaðili eða ekki; og
- (d) Tilvísun til lagsetningar nær til tilvísunar til þeirrar lagasetningar sem er samþykkt að nýju, hefur verið breytt eða hún framlengd fyrir dagsetningu samnings þessa svo og allrar undirskipaðrar lagasetningar í tengslum við hana sem gerð eru fyrir dagsetningu samnings þessa.

2. TILGREINING Á VÖRSLUEIGNUM

### 2.1 Staðfesting á skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings

Kaupþing og Nýja Kaupþing staðfesta að skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings sé hámarksfjárhæð þeirrar skuldar sem Kaupþing skuldar Nýja Kaupþingi (hvað varðar mismuninn milli yfirfærðra skuldbindinga og yfirfærðra eigna) með viðbótum og jöfnun í samræmi við samning þennan, þar með talin hugsanleg skuld sem Nýja Kaupþing skuldar Kaupþingi í samræmi við gr. 11.6. Þeirri tilögun sem fyrirhuguð er í samningi þessum er ætlað að tryggja greiðslur Kaupþings til Nýja Kaupþings eða Nýja Kaupþings til Kaupþings, eftir atvikum, á upphæð sem skal vera full og endanleg uppgreiðsla á skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings.

### 2.2 Framlagning fyrirhugaðra vörslueigna

Þemur viðskiptadögum eftir undirritun skal Kaupþing leggja fyrir Nýja Kaupþing áætlun sem inniheldur:

- (a) Lista yfir eignir sem lagt er til að teljist vörslueignir („fyrirhugaðar vörslueignir“), og skulu þessar eignir hafa virði sem er að minnsta kosti jafnt og upphæð skuldar Kaupþings/skuldar Nýja Kaupþings.
- (b) Virði hvernar fyrirhugaðrar vörslueignar skal tilgreint í evrum (sé tillögð vörslueign ekki tilgreind í evrum skal virði þeirrar eignar umreiknað í evrum).

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI



Við framlagningu lista yfir fyrirhugaðar vörslueignir skal Kaupþing einnig veita þá aðstoð og þær upplýsingar sem Nýja Kaupþing getur með réttmætum hætti krafist í þeim tilgangi að Nýja Kaupþing meti virði fyrirhugaðra vörslueigna.

Fram að gildistökudegi áskilur Kaupþing sér rétt til að skipta út vörslueignum í samræmi við samning þennan.

### 2.3 Endurskoðun fyrirhugaðra vörslueigna

Nýja Kaupþing hefur 20 viðskiptadaga, frá fyrsta viðskiptadegi eftir afhendingu lista um fyrirhugaðar vörslueignir að telja („Tímabil andmæla um vörslu“) til að endurskoða fyrirhugaðar vörslueignir og meta samanlagt virði þeirra. Ef Nýja Kaupþing hefur uppi ágreining um virði fyrirhugaðra vörslueigna skal það afhenda tilkynningu þar um inna tímabils andmæla um vörslueignir, þar sem fram koma ástæður fyrir ágreiningnum („Tilkynning um ágreining um vörslueignir“)

### 2.4 Samningur um fyrirhugaðar vörslueignir

Ef Nýja Kaupþing hefur ekki afhent tilkynningu um ágreining um vörslueignir til Kaupþings á tímabili andmæla um vörslueignir eða ef Nýja Kaupþing afhendir skriflega tilkynningu til Kaupþings áður en tímabil andmæla um vörslueignir gengur úr gildi, þá skulu fyrirhugaðar vörslueignir teljast þær vörslueignir sem samningur þessi fjallar um.

### 2.5 Úrlausnartímabil vörslueigna

Ef Nýja Kaupþing afhendir tilkynningu um ágreining um vörslueignir skal Nýja Kaupþing og Kaupþing leitast við með réttmætum hætti í samvinnu við endurskoðendur sína að ná samkomulagi um það virði sem ágreiningur stendur um innan 20 viðskiptadaga frá afhendingu tilkynningarinnar um ágreining um vörslueigna („Úrlausnartímabil vörslueigna“). Nú næst samkomulag milli Nýja Kaupþings og Kaupþings áður en úrlausnartímabili vörslueigna lýkur varðandi öll atriði ágreiningsins og þá skal Kaupþing afhenda eða útbúa til afhendingar, innan 10 viðskiptadaga, endurskoðaðan lista yfir fyrirhugaðar vörslueignir sem inniheldur þær lagfæringar sem samkomulag kann að vera um, ásamt endurskoðuðum útreikningum um samanlagt virði þessara tillögðu vörslueigna. Þær fyrirhuguðu vörslueignir sem slík endurskoðuð áætlun inniheldur skulu teljast þær vörslueignir sem þessi samningur nær til.

### 2.6 Tilvísun ágreinings um vörslueignir til matsaðila

- (a) Ef úrlausnartímabil vörslueigna rennur út og Nýja Kaupþing og Kaupþing hafa ekki náð samkomulagi um ágreiningsatriðin getur annað hvort Nýja Kaupþing eða Kaupþing vísað málinu til matsaðila á þeim grundvelli að matsaðillinn ákvarði virði fyrirhugaðra vörslueigna og til að leggja til ef með þarf, lagfæringar á virði eigna Kaupþings sem ættu að koma fram í lista yfir fyrirhugaðar vörslueignir í þeim tilgangi að tryggja að samanlagt virði fyrirhugaðra vörslueigna sé að minnsta kosti jafnt og skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings.
- (b) Matsaðillinn skal fá fyrirmæli um að tilkynna bæði Nýja Kaupþingi og Kaupþingi skriflega um ákvörðun sína innan 10 viðskiptadaga frá því hann fékk tilvísunina (eða lengri tíma sem matsaðillinn metur af sanngirni, þó að því tilskildu að báðir aðilar skulu leggja sig fram hvor um sig með skynsömum hætti

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÜLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

til að sjá til þess að sá tími verði ekki lengri en einn mánuður).

- (c) Innan 10 viðskiptadaga frá dagsetningu þess að ákvörðun matsaðilans er afhent aðilunum skal Kaupþing afhenda eða sjá um afhendingu á endurskoðuðum lista yfir fyrirhugaðar vörslueignir með lagfæringum sem matsaðillinn hefur ákvarðað, ásamt endurskoðuðum útreikningum um samanlagt virði þessara tillögðu vörslueigna og upplýsingum sem af samgirni má krefjast af Nýja Kaupþingi í þeim tilgangi að meta virði fyrirhugaðra vörslueigna. Þær tillögðu vörslueignir sem slík endurskoðuð áætlun inniheldur skulu teljast þær vörslueignir sem þessi samningur nær til.

### 3 NOTKUN VÖRSLUEIGNA

#### 3.1 Tilkynning um virði og breytingar varðandi vörslueignir

- (a) Þann 1. apríl hvers almanaksárs (sé sá dagur „**dagsetning mats á vörslueignum**“) skal Kaupþing tilkynna Nýja Kaupþingi um samanlagt virði vörslueigna miðað við 31. desember fyrra árs. Hver slík tilkynning skal innihalda lista yfir vörslueignir og gefa upp virði þeirra og einnig sýna innlán, frádrátt og staðgöngu vörslueigna frá síðustu dagsetningu á mati vörslueigna (ef um það er að ræða).
- (b) Ennfremur skal Kaupþing tilkynna Nýja Kaupþingi innan 10 daga um eftirfarandi atvik varðandi vörslueignir; Öli meiri háttar vanskil skuldara og meiri háttar breytingar á skilmálum einverra vörslueigna

#### 3.2 Staðganga vörslueigna

Kaupþing getur (i) innan 10 viðskiptadaga frá dagsetningu á mati vörslueigna eða (ii) fyrir fyrirhugaðar endurskipulagningu vörslueigna eða sölu Kaupþings á vörslueignum til þriðja aðila (ávallt að því tilskildu að Kaupþing tilkynni Nýja Kaupþingi að minnsta kosti 15 viðskiptadögum áður en gengið er að neinum bindandi skuldbindingum varðandi slíka endurskipulagningu eða sölu) gefið út tilkynningu („**tilkynningu um staðgöngu**“) þar sem Nýja Kaupþingi er tilkynnt um að það óski eftir að yfirfæra tilteknar eignir sem tilgreindar eru í tilkynningunni um staðgöngu („**staðgöngueignir**“) í staðinn fyrir tilteknar vörslueignir („**upphaflegar eignir**“) sem tilgreindar eru í tilkynningunni um staðgöngu. Við framlagningu tilkynningar um staðgöngu skal Kaupþing:

- (a) tilgreina virði hvernar staðgöngueignar í evrum og sé fyrirhuguð staðgöngueign ekki tilgreind í evrum skal virði viðkomandi staðgöngueignar umreiknað í evrum;
- (b) veita þær upplýsingar sem réttmætt er að ætlast til að Nýja Kaupþing geti krafist í því augnamiði að meta virði staðgöngueignanna; og
- (c) staðfesta skriflega að Kaupþing telji að virði slíkra staðgöngueigna sé að minnsta kosti jafnvirði upprunalegu eignanna.

Aðilarnir skulu síðan leitast við að ná samkomulagi um tillöguna sem sett er fram í tilkynningunni um staðgöngu, í samræmi við gr. 3.4 til 3.7 hér að aftan.

#### 3.3 Undanþága frá öryggishagsmunum varðandi upphaflegar eignir í kjölfar staðgöngu

Ef upphaflegar eignir hætta að vera hluti af vörslueignunum í samræmi við gr. 3.1 til 3.8 skal Nýja Kaupþing undanþiggja slíkar eignir frá hvers konar tryggingarhagsmunum er varða þær upphaflegu eignir,

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

að því tilskildu að Kaupþing sjá til þess að viðkomandi staðgöngueignir séu gjaldfærðar til Nýja Kaupþings í samræmi við gr. 4.1.

### 3.4 Endurskoðun á staðgöngueignum

Nýja Kaupþing skal hafa 10 viðskiptadaga, sem hefjast á fyrsta viðskiptadegi eftir afhendingu tilkynningar um staðgöngu („**ágreiningstímabil um staðgöngu**“) til að meta hvort það samþykki að virði staðgöngueignanna sé að minnsta kosti jafnt og virði upphaflegu eignanna. Ef Nýja Kaupþing hefur uppi ágreining um virði staðgöngueigna skal það afhenda tilkynningu þar um inna tímabils andmæla um staðgöngu, þar sem fram koma ástæður fyrir ágreiningnum („**tilkynning um ágreining um staðgöngu**“).

### 3.5 Samþykki á staðgöngueignum

Hafi Nýja Kaupþing ekki afhent tilkynningu um ágreining um staðgöngu til Kaupþings á ágreiningstímabilinu um staðgöngu eða ef Nýja Kaupþing afhendir Kaupþingi skriflega tilkynningu um að það sé sammála að staðgöngueignirnar séu jafnvirði upphaflegu eignanna, áður en ágreiningstímabilið um staðgöngu rennur út, þá má fjarlægja upphaflegu eignirnar úr vörslueignum og setja staðgöngueignirnar í þeirra stað og skulu þær staðgöngueignir teljast vörslueignir með tilliti til samnings þessa.

### 3.6 Samþykktartímabil staðgöngueigna

Ef Nýja Kaupþing afhendir tilkynningu um ágreining um staðgöngueignir skal Nýja Kaupþing og Kaupþing leitast við með réttmættum hætti í samvinnu við endurskoðendur sína að ná samkomulagi um það virði sem ágreiningur stendur um innan 10 viðskiptadaga frá afhendingu tilkynningarinnar um ágreining um staðgöngueignir („**Úrlausnartímabil staðgöngueigna**“). Nú næst samkomulag milli Nýja Kaupþings og Kaupþings áður en úrlausnartímabili staðgöngueigna lýkur varðandi öll atriði ágreiningsins og þá skal Kaupþing afhenda eða útbúa til afhendingar, innan 5 viðskiptadaga, endurskoðaða áætlun um fyrirhugaðar staðgöngueignir sem inniheldur þær lagfæringar sem samkomulag kann að vera um, ásamt endurskoðuðum útreikningum um samanlagt virði þessara tillögðu staðgöngueigna. Þær staðgöngueignir sem slík endurskoðuð áætlun inniheldur skulu teljast þær staðgöngueignir sem þessi samningur nær til.

### 3.7 Tilvísun ágreinings um staðgöngueignir til matsaðila

- (a) Ef úrlausnartímabil innlagðra eigna rennur út og Nýja Kaupþing og Kaupþing hafa ekki náð samkomulagi um ágreiningsatriðin getur annað hvort Nýja Kaupþing eða Kaupþing vísað málinu til matsaðila á þeim grundvelli að matsaðillinn ákvarði virði fyrirhugaðra upphaflegra eigna og til að leggja til, ef með þarf, lagfæringar á virði upphaflegu eignanna og staðgöngueignanna og leggja til, ef með þarf, hver upphæð viðbótaregina Kaupþings þarf að vera sem ætti að bæta við staðgöngueignir til að tryggja að virði staðgöngueignanna sé jafnt og virði upphaflegu eignanna.
- (b) Matsaðillinn skal fá fyrirmæli um að tilkynna bæði Nýja Kaupþingi og Kaupþingi skriflega um ákvörðun sína innan 5 viðskiptadaga frá því hann fékk tilvísunina (eða lengri tíma sem matsaðillinn metur af sanngirni, þó að því tilskildu að báðir aðilar skulu leggja sig fram hvor um sig með skynsömum hætti til að sjá til þess að sá tími verði ekki lengri en einn mánuður).
- (c) Innan 10 viðskiptadaga frá dagsetningu þess að ákvörðun matsaðilans er afhent aðilunum skal Kaupþing afhenda eða sjá um afhendingu til Nýja Kaupþings á endurskoðaðri tilkynningu um staðgöngu sem innifelur þær lagfæringar sem

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALABÝÐANDI

matsaðilinn hefur ákveðið, ásamt endurskoðuðum útreikningum á samanögðu virði staðgöngueignanna og þeim upplýsingum sem af sanngirni má krefjast af Nýja Kaupþingi í þeim tilgangi að meta virði staðgöngueignanna. Þær staðgöngueignir sem slík endurskoðuð tilkynning inniheldur skulu teljast þær staðgöngueignir sem þessi samningur nær til.

### 3.8 Tímabundin staðganga

Kaupþing skal eiga rétt á að bregðast við hvers konar vöntun á upphæð útskiptieigna með því að flytja upphæð í reiðufé inn á vörslueignirnar sem er jöfn og mismunurinn milli virðis upphaflegu eignanna í samræmi við síðasta virðismat upphaflegu eignanna og virðis fyrirhugaðra staðgöngueigna og skal virði hinna fyrirhuguðu staðgöngueigna vera ákveðið með skynsamlegum hætti af Nýja Kaupþingi (flutningur þessarar upphæðar í reiðufé ásamt fyrirhuguðum staðgöngueignum inn á vörslueignirnar telst „tímabundin staðganga“). Ef tímabundin staðganga er framkvæmd getur Kaupþing fært upphaflegu eignirnar frá vörslueignunum og um leið skal nýja Kaupþing aflétta öllum tryggingarhagsmunum af upphaflegu eignunum, ávallt að því tilskildu að Kaupþing sjái um leið til þess að allar staðgöngueignir og reiðufé sem flutt er inn á vörslueignirnar samkvæmt tímabundinni staðgöngu (hinar „tímabundnu staðgöngueignir“) skuli gjaldfærðar til Nýja Kaupþings í samræmi við gr. 4.1). Nýja Kaupþing skal aflétta þessum tryggingarhagsmunum á tímabundnum staðgöngueignum ef:

- (a) Kaupþing skilar öllum viðkomandi upphaflegum eignum inn til vörslueignanna en þá skal Kaupþing eiga rétt á að færa tímabundnu staðgöngueignirnar frá vörslueignunum; eða
- (b) upphæð viðkomandi staðgöngueigna sem samkomulag er um skv. gr. 3.4 og 3.7 hér að framan hefur verið lagfært til að vera jafnvirði viðkomandi upphaflegra eigna, og þá:
  - (i) skal Kaupþing eiga rétt á að fjarlægja upphæð tímabundinna staðgöngueigna frá vörslueignunum sem er jafnvirði þess hve upphæðin sem staðgöngueignirnar (að viðbættum tímabundnum staðgöngueignum, ef með þarf) er umfram virði viðkomandi upphaflegra eigna; og
  - (ii) Nýja Kaupþing skal aflétta tryggingarhagsmununum á tímabundnum staðgöngueignum í samræmi við gr. 3.8(b)(i) hér að framan.

### 3.9 Frádregnar vörslueignir

- (a) Kaupþing getur:
  - (i) Innan 10 viðskiptadaga frá matsdagsetningu vörslueigna; eða
  - (ii) fyrir fyrirhugaða endurskipulagningu á vörslueignum eða sölu Kaupþings á vörslueignum til þriðja aðila (ávallt að því tilskildu að Kaupþing tilkynni Nýja Kaupþingi að minnsta kosti 15 viðskiptadögum áður en gert er bindandi samkomulag um slíka endurskipulagningu eða sölu)

gefið út tilkynningu („tilkynningu um frádrátt“) þar sem Nýja Kaupþingi er tilkynnt að það óski þess að draga til baka tilteknar vörslueignir („frádregnar eignir“).

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

- (b) Aðeins er hægt að draga frádráttarheimilar eignir frá vörslueignum ef vörslueignirnar sem eru eftir í safni vörslueigna að loknum frádrættinum eru jafnvirði eða meira en skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings.
- (c) Við framlagningu tilkynningar um frádrátt skal Kaupþing einnig veita þá aðstoð og þær upplýsingar sem Nýja Kaupþing getur með réttmæti krafist í þeim tilgangi að Nýja Kaupþing meti virði frádrættina eigna. Aðilarnir skulu síðan leitast við að ná samkomulagi um tillöguna sem sett er fram í tilkynningunni um frádrátt, í samræmi við gr. 3.10 til 3.13 hér að aftan.

Ef frádráttarheimilar eignir hætta að vera hluti af vörslueignum í samræmi við gr. 3.10 til 3.13 skal Nýja Kaupþing aflætta hvers konar tryggingarhagsmunum af slíkum frádráttarheimiluðum eignum.

### 3.10 Endurskoðun á frádráttarheimiluðum eignum

Nýja Kaupþing skal hafa 10 viðskiptadaga, sem hefjast á fyrsta viðskiptadegi eftir afhendingu tilkynningar um frádrátt („**andmælatímabil um frádráttarheimilaðar eignir**“) til að ákveða hvort nægilegar vörslueignir séu eftir að loknum hinum fyrirhugaða frádrætti sem eru jafnvirði eða meira en skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings. Ef Nýja Kaupþing hefur uppi ágreining um að svo sé skal það afhenda tilkynningu þar um innan tímabils ágreinings um frádrátt, þar sem fram koma ástæður fyrir ágreiningnum („**tilkynning um ágreining um frádrátt**“).

### 3.11 Samningur um frádráttarheimilaðar eignir

Ef Nýja Kaupþing hefur ekki afhent tilkynningu um ágreining um frádrátt til Kaupþings á tímabili ágreinings um frádrátt eða ef Nýja Kaupþing afhendir skriflega tilkynningu til Kaupþings þess efnis að það samþykki að frádráttarheimilaðar eignir megi fjarlægja úr safni vörslueigna þá skulu frádráttarheimiluðu eignirnar fjarlægðar úr safni vörslueigna.

### 3.12 Úrlausnartímabil frádráttar

Ef Nýja Kaupþing afhendir tilkynningu um ágreining um frádrátt þurfa Nýja Kaupþing og Kaupþing að leitast við með réttmættum hætti í samvinnu við endurskoðendur sína að ná samkomulagi um hvort afturkölluðu eignirnar megi fjarlægja úr safni vörslueigna innan 10 viðskiptadaga frá afhendingu tilkynningarinnar um ágreining um frádrátt („**úrlausnartímabil frádráttar**“). Nú næst samkomulag milli Nýja Kaupþings og Kaupþings áður en úrlausnartímabili frádráttar lýkur varðandi öll atriði ágreiningsins og þá skal Kaupþing afhenda eða útbúa til afhendingar, innan 5 viðskiptadaga, endurskoðaða tilkynningu um frádrátt sem inniheldur þær lagfæringar sem samkomulag hefur náðst um. Frádráttarheimilaðar eignir sem taldar eru fram í slíkri endurskoðaðri tilkynningu um frádrátt má þá fjarlægja úr safni vörslueigna.

### 3.13 Tilvísun ágreinings um frádráttarheimilaðar eignir til matsaðila

- (a) Ef úrlausnartímabil frádráttarheimilaðra eigna rennur út og Nýja Kaupþing og Kaupþing hafa ekki náð samkomulagi um ágreiningsatriðin getur annað hvort Nýja Kaupþing eða Kaupþing vísað málinu til matsaðila á þeim grundvelli að matsaðilinn ákvarði hvort eftir að fyrirhuguð fjarlægging frádráttarheimilaðra eigna úr safni vörslueigna hefur farið fram séu eftir vörslueignir sem eru jafnvirði eða meira en skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings.

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

- (b) Matsaðillinn skal fá fyrirmæli um að tilkynna bæði Nýja Kaupþingi og Kaupþingi skriflega um ákvörðun sína innan 5 viðskiptadaga frá því hann fékk tilvísunina (eða lengri tíma sem matsaðillinn metur af sanngirni, þó að því tilskildu að báðir aðilar skulu leggja sig fram hvor um sig af sanngirni að sjá til þess að sá tími verði ekki lengri en einn mánuður).
- (c) Innan 5 viðskiptadaga frá dagsetningu þess að ákvörðun matsaðilans er afhent aðilunum skal Kaupþing afhenda eða sjá um afhendingu á endurskoðaðri tilkynningu um frádrátt með lagfæringum sem matsaðillinn hefur ákvarðað, ásamt endurskoðuðum útreikningum um samanlagt virði afturkölluðu eignanna svo og þeim upplýsingum sem af sanngirni má krefjast af Nýja Kaupþingi í þeim tilgangi að meta virði hinna frádráttarheimiluðu eigna. Frádráttarheimilaðar eignir sem taldar eru fram í slíkri endurskoðaðri tilkynningu um frádrátt má þá fjarlægja úr safni vörslueigna.

### 3.14 Innlögn vörslueigna

Innan 10 viðskiptadaga frá matsdagsetningu vörslueigna skal Kaupþing gefa út tilkynningu („**tilkynningu um innlögn**“) þar sem Nýja Kaupþing er tilkynnt um niðurstöður á mati vörslueigna og færa sönnur með skynsamlegri nákvæmni fyrir niðurstöðum sínum um hverja eign fyrir sig. Ef nauðsynlegt telst að yfirfæra eignir til viðbótar (ef um það er að ræða að vörslueignirnar séu minna virði en upphæð skuldar Kaupþings/skuldar Nýja Kaupþings) skal Kaupþing leggja fram tillögu um eignir til viðbótar sem setja skal í safn vörslueignanna (slíkar eignir skulu teljast „**innlagðar eignir**“) til þess að tryggja að heildarvirði vörslueignanna sé að minnsta kosti jafnt og skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings, að frádragnum jákvæðum mismun milli upphaflegs mats og síðasta tímabundna mats eða endanlegs mats. Við framlagningu tilkynningar um innlögn skal Kaupþing:

- (a) tilgreina virði hvernar innlagðrar eignar í evrum og að því marki sem innlögð eign er ekki tilgreind í evrum þá skal virði þeirrar innlögðu eignar umreiknað í evrum [svo og] veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem með skynsamlegum hætti má krefjast af Nýja Kaupþingi í þeim tilgangi að meta virði hinna innlögðu eigna; og
- (b) Staðfesta skriflega að Kaupþing telji að virði slíkra innlagðra eigna sé að minnsta kosti jafnt þeirri upphæð sem því nemur að skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings að frádragnum jákvæðum mismun milli upphaflegs mats og síðasta tímabundna mats eða endanlegs mats, sé hærrí en virði vörslueignanna („**vöntun**“).

Aðilarnir skulu síðan leitast við að ná samkomulagi um tillöguna sem sett er fram í tilkynningunni um innlögn, í samræmi við gr. 3.15 til 3.18 hér að aftan.

### 3.15 Endurskoðun á innlögðum eignum

Nýja Kaupþing skal hafa 10 viðskiptadaga, sem hefjast á fyrsta viðskiptadegi eftir afhendingu tilkynningar um innlögn („**andmælafræstur um innlögn**“) til að meta hvort það samþykki að virði innlagðra eigna sé að minnsta kosti jafnt og virði eigna sem upp á vantar. Ef Nýja Kaupþing hefur uppi ágreining um virði innlagðra eigna skal það afhenda tilkynningu þar um innan tímabils ágreinings um innlögn, þar sem fram koma ástæður fyrir ágreiningnum („**tilkynning um ágreining um innlögn**“).

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

### 3.16 Samkomulag um innlagðar eignir

Hafi Nýja Kaupþing ekki afhent tilkynningu um ágreining um innlögn til Kaupþings á ágreiningstímabilinu um innlögn eða ef, áður en ágreiningstímabilið um innlögn rennur út afhendri Nýja Kaupþing skriflega tilkynningu til Kaupþings um að það samþykki að innlögðu eignirnar séu að minnsta kosti jafnvirði þeirra eigna er upp á vantar þá skuli innlögðu eignirnar teljast vörslueignir með tilliti til samnings þessa og skal Kaupþing sjá til þess að þær innlagðar eignir verði gjaldfærðar á Nýja Kaupþing í samræmi við gr. 4.1.

### 3.17 Úrlausnartímabil innlagna

Ef Nýja Kaupþing afhendir tilkynningu um ágreining um innlagnir skulu Nýja Kaupþing og Kaupþing leitast við af sanngirni í samvinnu við endurskoðendur sína að ná samkomulagi um það virði sem ágreiningur stendur um innan 5 viðskiptadaga frá afhendingu tilkynningarinnar um ágreining um innlagðar eignir („Úrlausnartímabil innlagna“). Nú næst samkomulag milli Nýja Kaupþings og Kaupþings áður en úrlausnartímabili innlagðra eigna lýkur varðandi öll atriði ágreiningsins og þá skal Kaupþing afhenda eða útbúa til afhendingar, innan 5 viðskiptadaga, endurskoðaða tilkynningu um innlögn sem inniheldur þær lagfæringar sem samkomulag kann að vera um, ásamt endurskoðuðum útreikningum um samanlagt virði þessara fyrirhuguðu eigna til innlagnar. Innlagðar eignir sem slík endurskoðuð tilkynning um innlagðar eignir skulu teljast vörslueignir með tilliti til samnings þessa og Kaupþing skal sjá til þess að slíkar innlagðar eignir séu gjaldfærðar til Nýja Kaupþings í samræmi við gr. 4.1.

### 3.18 Tilvísun ágreinings um innlagðar eignir til matsaðila

- (a) Ef úrlausnartímabil innlagðra eigna rennur út og Nýja Kaupþing og Kaupþing hafa ekki náð samkomulagi um ágreiningsatriðin getur annað hvort Nýja Kaupþing eða Kaupþing vísað málinu til matsaðila á þeim grundvelli að matsaðillinn ákvarði virði fyrirhugaðra innlagðra eigna og til að leggja til, ef með þarf upphæð viðbótareigna Kaupþings sem ætti að bæta við innlagðar eignir í þeim tilgangi að tryggja að virði innlagðra eigna sé að minnsta kosti jafnt og upphæð þeirra eigna sem upp á vantar.
- (b) Matsaðillinn skal fá fyrirmæli um að tilkynna bæði Nýja Kaupþingi og Kaupþingi skriflega um ákvörðun sína innan 5 viðskiptadaga frá því hann fékk tilvísunina (eða lengri tíma sem matsaðillinn metur af sanngirni, þó að því tilskildu að báðir aðilar skulu leggja sig fram hvor um sig af sanngirni að sjá til þess að sá tími verði ekki lengri en einn mánuður).
- (c) Innan 5 viðskiptadaga frá dagsetningu þess að ákvörðun matsaðilans er afhent aðilunum skal Kaupþing afhenda eða sjá um afhendingu til Kaupþings á endurskoðaðri tilkynningu um innlögn sem felur í sér þær lagfæringar sem matsaðillinn hefur ákvarðað, ásamt endurskoðuðum útreikningum um samanlagt virði innlögðu eignanna svo og þeim upplýsingum sem af sanngirni má krefjast af Nýja Kaupþingi í þeim tilgangi að meta virði hinna innlögðu eigna. Innlagðar eignir sem slík endurskoðuð tilkynning um innlagðar eignir skulu teljast vörslueignir með tilliti til samnings þessa og Kaupþing skal sjá til þess að slíkar innlagðar eignir séu gjaldfærðar til Nýja Kaupþings í samræmi við gr. 4.1.

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

### 3.19 Meðferð vaxta og hagnaðar

Allar tekjur sem myndast af vörslueignum skulu án tafar greiddar af Kaupþingi inn á vaxtareikninginn í hverjum mánuði og skal farið með þær í samræmi við gr. 11.6(a) hér að aftan og skilmála vörslusamningsins.

### 3.20 Tímabundnar áúttektir af vaxtareikningi

Hafi ekkert atvik eins og lýst er í gr. 3.1.(b) átt sér stað skal Kaupþing eiga rétt á að krefjast þess að aðilarnir geri mat á tekjum sem myndast af vörslueignum ásamt uppsöfnuðum vöxtum á vaxtareikningnum („tímabundnum vöxtum“) á tímabilinu sem hefst á gildistöku og lýkur á dagsetningu slíkrar kröfu (það tímabil er „tímabil tímabundinna vaxta“).

Samþykki aðilarnir að tímabundnir vextir teljist arðsemi á meðalvirði skuldar Kaupþings/skuldar Nýja Kaupþings meðan tímabundna vaxtatímabilið varir („tímabundin arðsemi“) sem er hærra en EURIBOR (á tímabili sem er jafngilt tímabundna vaxtatímabilinu) að viðbættum 175 punktum skulu aðilarnir gefa út greiðslutilkynningu á vörslueignum til vörslubankans hvað varðar tímabundna vaxtareikninginn og fara fram á að þau prósent af heildarupphæðinni sem er inneign á vaxtareikningnum sem eru jafnvirði þeirrar prósentu sem hin tímabundna arðsemi er umfram EURIBOR, að viðbættum 175 punktum, skuli færð af vaxtareikningum til Kaupþing í óbundnu fé.

## 4. TRYGGINGAR

### 4.1 Veiting trygginga á vörslueignum

Sem tryggingu fyrir skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings og fyrir framkvæmd skuldbindinganna samþykkir Kaupþing hér með að veita Nýja Kaupþingi sem fyrsta og fremsta veðrétt öll réttindi, eignarhald og hagsmuni á vörslueignum og til þeirra. Auk þess skal skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings, svo sem hún er endanlega ákveðin við endanlegt mat og er í samræmi við það skal teljast krafa í bú Kaupþings í samræmi við 3. mgr. 110. gr. íslenskra gjaldþrotalaga nr. 21/1991.

Sem tryggingu fyrir skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings og fyrir framkvæmd skuldbindinganna samþykkir Nýja Kaupþing hér með að veita Kaupþingi sem fyrsta og fremsta veðrétt öll réttindi, eignarhald og hagsmuni á og til aðgreindra eigna að heildarvirði 5 milljarða íslenskra króna „veðsettar aðgreindar eignir“.

Í báðum tilfellum skal slík trygging teljast „tryggingarhagsmunir“.

### 4.2 Veðréttur

Tryggingarhagsmunirnir skulu hafa forgang gagnvart öllum öðrum tryggingarhagsmunum, veðum, kvöðum eða öðrum hagsmunum eða hömlum sem síðar er stofnað til af Kaupþingi eða Nýja Kaupþingi varðandi vörslueignirnar nema skriflegt samkomulag milli aðilanna um annað liggja fyrir.

### 4.3 Takmarkanir varðandi vörslueignir og aðgreindar eignir

Meðan á vörslutímabilinu stendur og að því undanteknu sem ætlast er fyrir í þessari 4. gr. eða sem að öðru leyti er ákveðið með skriflegum hætti milli aðilanna, skulu Kaupþing og Nýja Kaupþing sjá til þess að hvorki þau né nein dótturfyrirtæki þeirra skuli:

EIARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI



- (a) stofna til eða leyfa tilvist neins konar kvaðar á vörslueignum/veðsettum aðgreindum eignum.
- (b) selja, framselja né ráðstafa á annan hátt neinum vörslueignum/veðsettum aðgreindum eignum.
- (c) Stofna til neins konar fyrirkomulags þar sem fjármunir eða hagsmunir vörslureiknings eða aðgreinds reiknings eru notaðir, þeim ráðstafað eð þeir látnir verða háðir sameiningu reikninga; eða
- (d) stofna til samnings eða annars fyrirkomulags sem hefur sömu áhrif.

#### 4.4 Áframhaldandi trygging

Tryggingarhagsmunirnir sem felast í þessum samningi skulu vera áframhaldandi trygging og ekki er unnt að lúka þeim með neinum hlutagreiðslum eða lúkningu skuldbindinga að hluta eða í heildheldur skulu þeir tryggja endanlega inneign skuldbindinganna. Tryggingarhagsmunirnir sem í þessum samningi felast skulu vera viðbót við og vera óháðir neinum öðrum tryggingum nú eða síðar sem Kaupþing eða Nýja Kaupþing hafa í vörslu sinni hvað varðar skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings.

#### 4.5 Varðveisla trygginga

Tryggingarhagsmunir þeir sem í þessum samningi felast skulu ekki verða fyrir neins konar áhrifum af athöfn, athafnaleysi eða aðstæðum sem, njóti þessa ákvæðis ekki, gætu stuðlað að því að leysa eða fría Kaupþing eða Nýja Kaupþing á annan hátt undan skuldbindingum sínum eða hafa áhrif á þær skuldbindingar, þar með taldar (en án takmarkana) og hvort sem þær eru kunnar Kaupþingi eða Nýja Kaupþingi:

- (a) hvers konar frestir eða ívilnanir sem Kaupþing eða Nýja Kaupþing veitir til eða gerir nauðasamning um við Kaupþing eða Nýja Kaupþing eða aðra aðila;
- (b) frávík, framlenging, málamiðlunarsamkomulag, endurnýjun eða undanþága frá, eða höfnun eða vanræksla á að fullnusta eða framfylgja hvers konar skilmálum samnings þessa eða réttindum eða úrlausnum eða hverum þeim tryggingum sem veittar eru af Kaupþingi eða Nýja Kaupþingi eða öðrum aðilum (nema að því marki sem slíkur verknaður varðar beinlínis tryggingarhagsmunina og er samþykktur skriflega af báðum aðilum);
- (c) misfellur, ógilding eða ófullnustuhæfi skuldbindinga Kaupþings eða Nýja Kaupþings samkvæmt samningi þessum eða nein núverandi eða framtíðarlagasetning eða tilskipun ríkisstjórnar eða stjórnvalda (hvort sem um er að ræða með rétti eða í reynd) sem ætlað er að draga úr eða hafa á annan hátt áhrif á slíkar skuldbindingar með þann tilgang að skuldbindingar Kaupþings og Nýja Kaupþings samkvæmt samningi þessum skulu vera í fullu gildi og þennan samning ber að túlka til samræmis þar við svo sem um engar misfældur, ófullnustuhæfi, ógilding, lög eða tilskipanir séu til staðar; og
- (d) lagalegar takmarkanir, ófærni, vanhæfni eða aðrar kringumstæður er varða Kaupþing eða Nýja Kaupþing, ábyrgðaraðila eða aðra aðila eða viðbætur eða viðauka við eða frávirk eða endurgerð á skilmálum samnings þessa (nema að því marki sem slíkar viðbætur, viðaukar, frávík eða endurgerðir beinlínis varði tryggingarhagsmunina og er háð skriflegu samþykki beggja aðila) né hvers konar skjöl eða tryggingar.

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

## 5. VANEFNDIR

### 5.1 Viðkomandi atvik

Hvað varðar samning þennan skal „viðkomandi atvik“ teljast hafa átt sér stað hvað varðar Kaupþing ef:

- (a) Kaupþing efnir ekki í tæka tíð að yfirfæra vörslueignir, eftir því sem við á, sem því ber, og sú vanefnd er viðvarandi í 15 viðskiptadaga eftir að hvort heldur gerist fyrr að Nýja Kaupþing sendi Kaupþingi skriflega tilkynningu þar um eða Kaupþing verði vart við slíka vanefnd; eða
- (b) Kaupþing vanefnir að framfylgja mikilvægri skuldbindingu nema úr slíkri skuldbindingu

sé bætt innan 15 viðskiptadaga að hvort heldur sem er gerist fyrr að Nýja Kaupþing sendi tilkynningu um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum eða Kaupþing verði vart við slíkar vanefndir á að fara að tilskildum ákvæðum, með þeim fyrirvara þó að hið 15 viðskiptadaga úrbótatímabil á ekki við og það skal teljast tafarlaust viðkomandi atvik, hafi vanefndirnar orsakast af svikum Kaupþings eða broti á gegn gr. 7.1.(b). Að undanskildu því sem að framan segir skal

sérhver vanefnd á skuldbindingu sem þessi gr. 5.1(b) nær til sem hægt er að bæta úr (nema hún stafi af svikum Kaupþings) talin bætt ef, innan hins 15 daga úrbótatímabils;

- (i) hvað varðar vanefnd á að framkvæma slíka skuldbindingu í samræmi við samning þennan, hafi Kaupþing framkvæmt þá skuldbindingu í samræmi við samninginn; eða
- (ii) hvað varðar allar aðgerðir Kaupþings er varða brot á slíkri skuldbindingu, hafi Kaupþing snúið við áhrifum þeirra aðgerða, eða vikið þeim til hliðar (eða sér til þess að þeim sé snúið við eða vikið til hliðar) í hverju tilviki fyrir sig þannig að Nýja Kaupþing geti með skynsamlegum hætti sætt sig við; eða
- (iii) hvað varðar brot á upplýsingagjöf, sé Kaupþing fært um að endurtaka þá upplýsingagjöf án brots með tilvísun til þeirra staðreynda eða aðstæðna sem ríktu þegar slík upplýsingagjöf er endurtekin og á þeim grundvelli að sérhverri tilvísun í slíkri upplýsingagjöf, hvort sem gert er beint eða óbeint, til dagsetningar á yfirfærslu samkvæmt samningi þessum sé skipt út og í staðinn vísað til þeirrar dagsetningar þegar slík upplýsingagjöf er endurtekin.

### 5.2 Tilkynning um viðkomandi atvik

Kaupþing skal tafarlaust senda tilkynningu til Nýja Kaupþings um öll hugsanleg viðkomandi atvik eða viðkomandi atvik sem það fær vitneskju um. Ef Kaupþing fær vitneskju um að hugsanlegt viðkomandi atvik eða viðkomandi atvik komi ekki til með að eiga sér stað skal Kaupþing án tafar senda tilkynningu þar um til Nýja Kaupþings.

## 6. RÉTTUR TIL FRAMFYLGÐAR

### 6.1 Réttur Kaupþings til að bæta úr viðkomandi atviki sem varðar skort á vörslueignum

- (a) Ef viðkomandi atvik er varðar Kaupþing á sér nokkurn tímann stað og slíkt viðkomandi atvik varðar skort á upphæð vörslueigna („skortur á eignum“), skal Kaupþing eiga rétt á að senda skriflega tilkynningu „tilkynningu um úrbætur“ til Nýja Kaupþings og fara fram á 5 viðskiptadaga til viðbótar („úrbótatímabilið“) til að bæta úr viðkomandi atviki með því að flytja reiðufé sem er jafnvirði skorts á eignum inn á vörslueignirnar,

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

ávallt að því tilskildu að tilkynningin um úrbætur sé send til Nýja Kaupþings innan 3 viðskiptadaga frá tilkynningunni sem vísað er til í gr. 5.2. hér að framan.

- (b) Þegar tilkynningin um úrbætur er afhent skulu réttindi Nýja Kaupþings samkvæmt gr. 6.8 hér að aftan frestast þar til úrbótatímabilið er liðið.
- (c) Nú bregst Kaupþing þeirri skyldu að yfirfæra nægilegt reiðufé yfir á vörslueignirnar þegar úrbótatímabilið er útrunnið í þeim tilgangi að bæta úr skorti á eignum og þá skal Nýja Kaupþing eiga rétt á að framfylgja rétti sínum að fullu í samræmi við gr. 6.8.

## 6.2 Réttindi Nýja Kaupþings

Hafi viðkomandi atvik að því er varðar Kaupþing átt sér stað og hafi Nýja Kaupþing ekki afsalað sér réttindum vegna þess skriflega eða, eftir því sem við á, ekki hefur verið bætt úr því af hálfu Kaupþings í samræmi við gr. 6.1 hér að framan, þá, skal fara eftir ákvæðum gr. 6.8, og hafi Kaupþing ekki uppfyllt allar skuldbindingar sínar sem þá eru komnar í eindaga:

- (a) skal Nýja Kaupþing eiga rétt á þess, án fyrirfram skriflegrar tilkynningar til Kaupþings að setja í framkvæmd og fullnusta tafarlaust eða þegar og þá það kann að telja hentugt og með öllum þeim ráðum sem Nýja Kaupþing býr yfir samkvæmt samningi þessum eða eru tiltæk tryggðum kröfuhafa samkvæmt íslenskum lögum og einkum (en án takmarkana) skal Nýja Kaupþing hafa vald til þess varðandi vörslueignir í öðru formi en reiðufé:
  - (i) að yfirtaka umráð yfir, innheimta og sækja vörslueignirnar og einkum að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að flytja réttindi allra eða einhverra af vörslueignunum á nafn Nýja Kaupþings eða tilnefnds aðila þess (þar með talið að ljúka við flutning á hlutum sem fyrirfinnast meðal vörslueignanna) og til að taka við og halda eftir hvers konar úthlutunum;
  - (ii) að selja allar eða einhverjar vörslueignir á hvern þann hátt sem lög leyfa með þeim skilmálum sem Nýja Kaupþing skal ákveða að eigin geðþótta (að því tilskildu að það hafi gert allar ráðstafanir miðað við aðstæður til að fá sanngjarnt virði fyrir vörslueignirnar); og
  - (iii) innheimta, endurheimta eða gera málamiðlunarsamkomulag og staðfesta allar greiðslur sem falla Nýja Kaupþingi í skaut varðandi vörslueignirnar; og
- (b) Nýja Kaupþing getur hvað varðar vörslueignir í formi reiðufjár nýtt eða gert þær upptækar tafarlaust eða hvenær sem er síðar án fyrirfram tilkynningar til Kaupþings til þess að lækka greiðslur eða veitingu fjár á þeim upphæðum sem Kaupþing ber að greiða í samræmi við skuldbindingar sínar í þeirri röð sem Nýja Kaupþingi hugnast að eigin geðþótta; og
- (c) þegar Nýja Kaupþing nýtir sér réttindi sín í samræmi við gr. 6.2, skulu aðilarnir framkvæma endanlegt mat í samræmi við ákvæði í 11. gr. og virði allra vörslueigna sem Nýja Kaupþing eignast með beitingu tryggingarhagsmunanna í samræmi við 6.2 („framfylgdar eignir“) skal dragast frá skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings á lokadegi í að lokinu endanlegu mati og í samræmi við það (samkvæmt meginreglur virðismats þar í). Þegar Nýja Kaupþing hefur nýtt sér réttindi sín í samræmi við gr. 6.2 skal Nýja Kaupþing leggja fram áætlun um

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝDANDI

framfylgdar eignir og virði hversrar framfylgdrar eignar í samræmi við greinina 6.3 hér

að aftan.

### 6.3 Framlagning á lista og virðismati á framfylgdum eignum

Ef Nýja Kaupþing beitir réttindum sínum í samræmi við gr. 6.2 skal Nýja Kaupþing senda Kaupþingi áætlun sem inniheldur:

- (a) lista yfir framfylgdar eignir; og
- (b) virði hversrar framfylgdrar eignar í evrum (sé framfylgd eign ekki tilgreind í evrum skal virði þeirrar eignar umreiknað í evrum).

Við framlagningu lista yfir framfylgdar eignir skal Kaupþing einnig veita þá aðstoð og þær upplýsingar sem Nýja Kaupþing getur með réttmæti krafist í þeim tilgangi að Nýja Kaupþing meti virði framfylgdra eigna.

### 6.4 Endurskoðun á framfylgdum eignum

Nýja Kaupþing hefur 20 viðskiptadaga, frá fyrsta viðskiptadegi eftir afhendingu lista yfir framfylgdar eignir að telja („Tímabil ágreinings um framfylgdar eignir“) til að endurskoða framfylgdar eignir og meta samanlagt virði þeirra. Ef Nýja Kaupþing hefur uppi ágreining um virði framfylgdra eigna skal það afhenda tilkynningu þar um innan tímabils ágreinings um innlögn, þar sem fram koma ástæður fyrir ágreiningnum („tilkynning um ágreining um framfylgdar eignir“).

### 6.5 Samningur um framfylgdar eignir

Hafi Kaupþing ekki afhent Nýja Kaupþingi tilkynningu um ágreining um framfylgni meðan á tímabili ágreinings um framfylgdar eignir eða áður en tímabili ágreinings um framfylgdar eignir lýkur hafi Kaupþing afhent Nýja Kaupþingi skriflega tilkynningu um að það samþykki virði hinna framfylgdu eigna þá skal virði hinna framfylgdu eigna eins og það er sett fram í áætlun um framfylgdar eignir vera það virði sem dregið er frá skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings á lokadegi að loknu endanlegu mati og í samræmi við það.

### 6.6 Úrlausnartímabil framfylgdra eigna

Ef Nýja Kaupþing afhendir tilkynningu um ágreining um framfylgdar eignir skal Nýja Kaupþing og Kaupþing leitast við með réttmættum hætti í samvinnu við endurskoðendur sína að ná samkomulagi um það virði sem ágreiningur stendur um innan 20 viðskiptadaga frá afhendingu tilkynningarinnar um ágreining um framfylgdar eignir („Úrlausnartímabil framfylgdra eigna“). Nú næst samkomulag milli Nýja Kaupþings og Kaupþings áður en úrlausnartímabili framfylgdra lýkur varðandi öll atriði ágreiningsins og þá skal Kaupþing afhenda eða útbúa til afhendingar, innan 10 viðskiptadaga, endurskoðaða áætlun um fyrirhugaðar framfylgdar eignir sem inniheldur þær lagfæringar sem samkomulag kann að vera um, ásamt endurskoðuðum útreikningum um samanlagt virði þessara fyrirhuguðu framfylgdu eigna. Virði hinna framfylgdu eigna eins og það kemur fram í slíkri endurskoðaðri áætlun um framfylgdar eignir skal þá teljast það virði sem dregst frá skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings á lokadegi að loknu endanlegu mati og í samræmi við það.

### 6.7 Tilvísun ágreinings um framfylgdar eignir til matsaðila

- (a) Ef úrlausnartímabili framfylgdra eigna lýkur og Nýja Kaupþingi og Kaupþingi hefur ekki tekist að komast að samkomulagi um deiluefnin getur annað hvort Nýja Kaupþing eða

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

Kaupþing vísa málinu til matsaðila á þeim grundvelli að matsaðilinn skal ákvarða virði framfylgdra eigna og leggja til ef með þarf lagfæringu á virði eignanna sem ætti að endurspeglast í áætluninni um framfylgdar eignir.

- (b) Matsaðilinn skal fá fyrirmæli um að tilkynna bæði Nýja Kaupþingi og Kaupþingi skriflega um ákvörðun sína innan 10 viðskiptadaga frá því hann fékk tilvísunina (eða lengri tíma sem matsaðilinn metur af sanngirni, þó að því tilskildu að báðir aðilar skulu leggja sig fram hvor um sig af sanngirni að sjá til þess að sá tími verði ekki lengri en einn mánuður).
- (c) Innan 10 viðskiptadaga frá dagsetningu þess að ákvörðun matsaðilans er afhent aðilunum skal Kaupþing afhenda eða sjá um afhendingu á endurskoðuðum lista yfir framfylgdar eignir með lagfæringum sem matsaðilinn hefur ákvarðað, ásamt endurskoðuðum útreikningum um samanlagt virði þessara tillögðu vörslueigna og upplýsingum sem af sanngirni má krefjast af Nýja Kaupþingi í þeim tilgangi að meta virði hinna framfylgdra eigna. Virði hinna framfylgdu eigna eins og það kemur fram í slíkum endurskoðuðum lista um framfylgdar eignir skal þá teljast það virði sem dregst frá skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings á lokadegi að loknu endanlegu mati og í samræmi við það.

## 6.8 Neyting réttinda

Hvers konar fyrirhugaða nýting Nýja Kaupþings á réttindum sínum í samræmi við gr. 6.2 skal tilkynna til Kaupþings (sú tilkynning er „**tilkynning um beitingu**“). Við viðtöku tilkynningar um beitingu skal Kaupþing (samkvæmt fyrirmælum Nýja Kaupþings) skuldbundið til að afhenda Nýja Kaupþingi og/eða eftir atvikum, veita Nýja Kaupþingi á annan hátt rétt og/eða afhenda þeim aðila sem Nýja Kaupþing tilgreini, eða veita þann rétt, eignarhald og hagsmuni sem Kaupþing kann að eiga í vörslueignunum til gjaldfærslu á Nýja Kaupþing og/eða eftir atvikum hvern annan slíkan aðila. Kaupþing skal bregðast við í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt gr. 6.8 án þess að þurfa að grípa til tilvísunar til frekara leyfis af hálfu Nýja Kaupþings og þrátt fyrir hvers konar vefengingu af sinni hálfu og Kaupþing samþykkir að kröfur tilkynningar um nýtingu skulu vera bindandi fyrir það.

## 7. STAÐFESTINGAR OG ÁBYRGÐIR

### 7.1 Staðfestingar og ábyrgðir

Kaupþing staðfestir og vottar gagnvart Nýja Kaupþingi að:

- (a) það sé löglegur og raunverulegur eigandi að:
  - (i) öllum eignum sem það yfirfærir til vörslueigna samkvæmt samningi þessum; og
  - (ii) öllum vörslueignum sem það yfirfærir til Nýja Kaupþings samkvæmt samningi þessum

óbundnum og óheftum af hvers konar kvöðum (nema að því marki sem Nýja Kaupþing hefur samþykkt skriflega) (eigi skal neita að láta slíkt samþykki af hendi með óréttmætum hætti), að undanteknum tryggingarhagsmunum;

- (b) framkvæmd Kaupþings á skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum skulu ekki leiða til þess að kvöð myndist á vörslueign, önnur en þeir tryggingarhagsmunir sem stofnað er til samkvæmt samningi þessum (að undanteknum veðböndum sem er reglulega

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

sett á öll skuldabréf í greiðslujöfnunarkerfi þar sem slíkar vörslueignir kunna að vera varðveittar); og

- (c) gerð og framkvæmt samnings þessa og yfirfærsla Kaupþings á eignum eða vörslueignum samkvæmt samningi þessum brjóta ekki í bága við lög, reglugerðir eða önnur ákvæði sem eru bindandi fyrir Kaupþing, þar með talin, til að taka af allan vafa, skilmálar öryggishagsmuna eða önnur skjöl sem nauðsynleg eru til að fullnusta tryggingarhagsmunina eða framfylgja þeim.

## 8. UPPHAFLEGT VIRÐISMAT AÐGREINDRA EIGNA

Þær eignir sem taldar eru upp í áætlun 2 skulu aðskildar í samræmi við samning þennan og skulu teljast „**aðgreindar eignir**“ að því er varðar samninginn. Samanlagt virði aðgreindra eigna er tiltekið í Trúnaðaráætlun og upphafsreikningum Nýja Kaupþings (sú upphæð er „**upphaflegt virðismat**“). Ef misræmi er milli virðisins sem kemur fram í upphafsreikningunum skal virðið sem tiltekið er í trúnaðaráætluninni gilda.

## 9. TÍMABUNDIÐ VIRÐISMAT

### 9.1 Tímabundið virðismat

Þann 1 apríl ár hvert meðan á vörslutímabilinu stendur (eða á hverjum þeim öðrum tíma sem aðilarnir samþykkja) skal Nýja Kaupþing, nema annað sé samþykkt af Kaupþingi, leggja fyrir Kaupþing frekara mat á aðgreindum eignum miðað við 31 desember árið á undan („**tímabundið virðismat**“). Eftir að slíku tímabundnu virðismati er lokið skal Nýja Kaupþing:

- (a) leggja fyrir Kaupþing afrit af drögum af tímabundnu virðismati og skal slíkt mat vera dagsett miðað við lok viðkomandi almanaksárs; og
- (b) Veita þær upplýsingar sem réttmætt er að ætlast til að Kaupþing geti krafist í því augnamiði að meta virði aðgreindu eignanna; og

slíkt tímabundið virðismat og upplýsingar skal útvegað eigi síðar en 30. apríl á viðkomandi almanaksári.

Tímabundin virðismöt skulu allt að einu fara fram í samræmi við meginreglur virðismats sem settar eru fram í Viðauka 4.

### 9.2 Endurskoðun á tímabundnu virðismati

Nýja Kaupþing hefur 20 viðskiptadaga, frá fyrsta viðskiptadegi eftir afhendingu áætlunar um tímabundið virðismat að telja („**tímabil ágreinings um virðismat**“) til að endurskoða hið tímabundna virðismat. Ef Nýja Kaupþing hefur uppi ágreining um tímabundið virðismat skal það afhenda tilkynningu þar um innan tímabils ágreinings um virðismat, þar sem fram koma ástæður fyrir ágreiningnum („**tilkynning um ágreining um virðismat**“).

### 9.3 Samningur um tímabundið virðiamat

Ef Nýja Kaupþing hefur ekki afhent tilkynningu um ágreining um virðismat til Kaupþings á tímabili ágreinings um virðismat eða ef Nýja Kaupþing afhendir skriflega tilkynningu til Kaupþings áður en tímabil ágreinings um virðismat gengur úr gildi, þá skal hið tímabundna virðismat vera endanlegt og bindandi fyrir Kaupþing og Nýja Kaupþing.

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

#### 9.4 Úrlausnartímabil tímabundins virðismats

Ef Nýja Kaupþing afhendir tilkynningu um ágreining um mat skal Nýja Kaupþing og Kaupþing leitast við með réttmættum hætti í samvinnu við endurskoðendur sína að ná samkomulagi um tímabundið mat sem ágreiningur stendur um innan 10 viðskiptadaga frá afhendingu tilkynningarinnar um ágreining um mat („Úrlausnartímabil mats“). Nú næst samkomulag milli Nýja Kaupþings og Kaupþings áður en úrlausnartímabili um mat lýkur varðandi öll atriði ágreiningsins og þá skal Kaupþing afhenda eða útbúa til afhendingar, innan 5 viðskiptadaga, endurskoðaða tilkynningu um mat sem inniheldur þær lagfæringar sem samkomulag hefur náðst um. Hið endurskoðaða tímabundna virðismat skal vera endanlegt og bindandi fyrir Nýja Kaupþing og Kaupþing frá afhendingardegi þess til Kaupþings.

#### 9.5 Tilvísun ágreinings um virðismat til matsaðila

- (a) Ef úrlausnartímabil virðismats rennur út og Nýja Kaupþing og Kaupþing hafa ekki náð samkomulagi um ágreiningsatriðin getur annað hvort Nýja Kaupþing eða Kaupþing vísað málinu til matsaðila á þeim grundvelli að matsaðillinn ákvarði hið tímabundna virðismat.
- (b) Matsaðillinn skal fá fyrirmæli um að tilkynna bæði Nýja Kaupþingi og Kaupþingi skriflega um ákvörðun sína innan 10 viðskiptadaga frá því hann fékk tilvísunina (eða lengri tíma sem matsaðillinn metur af sanngirni, þó að því tilskildu að báðir aðilar skulu leggja sig fram hvor um sig af sanngirni að sjá til þess að sá tími verði ekki lengri en einn mánuður).
- (c) Innan 5 viðskiptadaga frá dagsetningu þess að ákvörðun matsaðilans er afhent aðilunum skal Kaupþing afhenda eða sjá um afhendingu á endurskoðaðri áætlun um tímabundið virðismat með lagfæringum sem matsaðillinn hefur ákvarðað, ásamt upplýsingum sem af sanngirni má krefjast af Nýja Kaupþingi í þeim tilgangi að meta hið tímabundna virðismat. Hið endurskoðaða tímabundna virðismat skal vera endanlegt og bindandi fyrir Nýja Kaupþing og Kaupþing frá afhendingardegi þess til Kaupþings.

### 10. MEÐFERÐ AÐGREINDRA EIGNA

#### 10.1 Áhrif tímabundins virðismats

Ef og að því marki sem samanlagt virði aðgreindra eigna í tímabundnu virðismati („tímabundnar aðgreindar eignir“ er hærra en samanlagt virði aðgreindra eigna eins og fram kemur í upphaflegu virðismati („upphaflegar aðgreindar eignir“) þá má, eftir að dregin hefur verið upphæð frá aðgreindu eignunum sem nemur jafnvirði 125 punkta af upphæð þeirra eigna sem fjarlægðar eru úr vörslueignunum í samræmi við eitthvert undanfarandi virðismat, má afhenda upphæð sem er jafnvirði 80 prósentu af mismuninum milli tímabundinna aðgreindra eigna og upphaflegra aðgreindra eigna („afhentar eignir“) úr vörslueignum af hálfu Kaupþings. Að lokinni slíkri afhendingu skulu hinar afhentu eignir hætta að teljast vörslueignir samkvæmt samningi þessum, tryggingarhagsmunirnir skulu hætta að eiga við varðandi allar slíkar afhentar eignir og Nýja Kaupþing skal sjá til þess að tryggingarhagsmununum skuli aflétt af hinum afhentu eignum.

Þegar skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings er lækkuð í samræmi við þessa 10. gr. skal fyrst lækka skuldina í evrum og aðeins þegar mismunurinn milli upphaflegra

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

aðgreindra eigna og tímabundinna aðgreindra eigna hefur náð 125% af evruskuldinni skal skuldin í íslenskum krónum lækkuð í samræmi við þessa 10. gr.

## 10.2 Eftirlit með aðgreindum eignum

Kaupþing skal tilnefna fulltrúa („áheyrnarfulltrúa Kaupþings“) til að fylgjast með aðgreindum eignum af hálfu Kaupþing meðan á vörslutímabilinu stendur. Áheyrnarfulltrúi Kaupþings skal:

- (a) eiga rétt á að vera viðstaddur alla fundi lánanefnda og stjórnarfundi Nýja Kaupþings þegar aðgreindar eignir eru ræddar eða ákvarðanir teknar varðandi aðgreindar eignir (að því tilskildu að slík viðvera sé alfarið takmörkuð við þann hluta fundarins þar sem slíkar umræður eða ákvarðanir eiga sér stað);
- (b) fá upplýsingar varðandi allar ákvarðanir í tengslum við aðgreindar eignir að því marki sem slíkar ákvarðanir eru ekki ræddar á þeim fundum sem tilgreindir eru í gr. 10.2(a); og
- (c) eiga rétt að fá viðeigandi upplýsingar varðandi aðgreindar eignir sem eru viðkomandi tilgangi fundarins þar sem þær eiga að koma til umræðu, fyrir slíka fundi og eigi síðar en hinir fundarmenn slíkra funda fá viðkomandi upplýsingar.
- (d) eiga rétt á að leggja fram skriflegar tillögur til Nýja Kaupþings um aðgerðir er varða aðgreindar eignir sem ætlað er að hámarka virði þeirra fyrir dagsetningu endanlegs virðismats ásamt skynsamlega nákvæmum útskýringum á ástæðunum fyrir þeim aðgerðum sem tillaga er gerð um.

Þrátt fyrir fyrri ákvæði í þessari gr. 10.2 skal áheyrnarfulltrúi Kaupþings ekki eiga rétt á að beita neitunarvaldi varðandi ákvarðanir sem teknar eru af Nýja Kaupþingi varðandi aðgreindar eignir.

## 10.3 Aukin áhersla og gerðardómur

Kaupþing skal hafa heimild til þess í 10 daga eftir að efnisleg ákvörðun er tekin varðandi aðgreindar eignir til að auka áherslu á deilumál og ágreiningsefni varðandi aðgreindar eignir með því að vísa deilumálinu eða ágreiningnum í gerðardóm. Kaupþing skal hafa heimild til að fá bætur sem ákvarðaðar eru af gerðardómsmanni, að hans eigin óhindraða ákvörðunarvaldi, fyrir fjárhagstjón sem orsakast af ákvörðunum sem teknar eru af Nýja Kaupþingi varðandi aðgreindar eignir sem eru úrskurðaðar í ósamræmi við að hámarka virði hinna aðgreindu eigna fyrir dagsetningu endanlegs virðismats eða eru á annan hátt ósanngjarnar eða skaðlegar hagsmunum Kaupþings. Stofna skal til gerðardómsins og halda hann í samræmi við lög nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma og aðilarnir samþykkja að gera allar skynsamlegar ráðstafanir til að ganga til þess gerðardóms í samræmi við ofangreind lög.

## 11. ENDANLEGT VIRÐISMAT

### 11.1 Endanlegt virðismat

Innan 20 viðskiptadaga frá endanlegu virðismati skal fara fram endanlegt virðismat á aðgreindum eignum af Nýja Kaupþingi („endanlegt virðismat“) og Nýja Kaupþing skal innan þess tíma leggja fram afrit af endanlegu virðismati til Kaupþings til endurskoðunar.

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÜLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI



ásamt þeim upplýsingum sem réttmætt er að ætlast til að Nýja Kaupþing geti krafist í því augnamiði að meta endanlegt virðismat.

Endanlegt virðismat skal að öðru leyti fara fram í samræmi við meginreglur um virðismat sem koma fram í Áætlun 4.

#### 11.2 Endurskoðun á endanlegu virðismati

Kaupþing hefur 20 viðskiptadaga, frá fyrsta viðskiptadegi eftir afhendingu endanlegs virðismats („**tímabil endanlegs ágreinings**“) til að endurskoða hið endanlega virðismat. Ef Nýja Kaupþing hefur uppi ágreining um endanlegt virðismat skal það afhenda Kaupþingi tilkynningu þar um innan tímabils áreiningu um endanlegt virðismat þar sem fram koma ástæður fyrir ágreiningnum („**tilkynning um endanlegan ágreining**“).

#### 11.3 Samningur um endanlegt mat

Ef Nýja Kaupþing hefur ekki afhent tilkynningu um endanlegan ágreining til Kaupþings á tímabili endanlegs ágreinings eða ef Nýja Kaupþing afhendir Kaupþingi skriflega tilkynningu um að það samþykki endanlegt virðismat („**tilkynning um endanlegt samþykki**“) þá skal hið tímabundna virðismat vera endanlegt og bindandi fyrir Kaupþing og Nýja Kaupþing hvort heldur sem gerist fyrr:

- (a) tímabil endanlegs ágreinings rennur út; eða
- (b) afhendingardagur tilkynningar um endanlegt samþykki rennur upp.

#### 11.4 Tímabil endanlegrar úrlausnar

Ef Nýja Kaupþing afhendir tilkynningu um endanlegan ágreining skal Nýja Kaupþing og Kaupþing leitast við með réttmættum hætti í samvinnu við endurskoðendur sína að ná samkomulagi um endanlegt virðismat sem ágreiningur stendur um innan 10 viðskiptadaga frá afhendingu tilkynningarinnar um endanlegan ágreining („**tímabil endanlegrar úrlausnar**“). Nú næst samkomulag milli Nýja Kaupþings og Kaupþings áður en tímabili endanlegrar úrlausnar lýkur varðandi öll atriði ágreiningsins og þá skal Kaupþing afhenda eða útbúa til afhendingar, innan 5 viðskiptadaga, endurskoða endanlegt virðismat sem inniheldur þær lagfæringar sem samkomulag hefur náðst um. Hið endurskoðaða endanlega virðismat skal vera endanlegt og bindandi fyrir Nýja Kaupþing og Kaupþing frá afhendingardegi þess til Kaupþings.

#### 11.5 Tilvísun endanlegs ágreinings til matsaðila

- (a) Ef tímabil endanlegrar úrlausnar rennur út og Nýja Kaupþing og Kaupþing hafa ekki náð samkomulagi um ágreiningsatriðin getur annað hvort Nýja Kaupþing eða Kaupþing vísað málinu til matsaðila á þeim grundvelli að matsaðilinn ákvarði hið endanlega virðismat.
- (b) Matsaðilinn skal fá fyrirmæli um að tilkynna bæði Nýja Kaupþingi og Kaupþingi skriflega um ákvörðun sína innan 10 viðskiptadaga frá því hann fékk tilvísunina (eða lengri tíma sem matsaðilinn metur af sanngirni, þó að því tilskildu að báðir aðilar skulu leggja sig fram af sanngirni að sjá til þess að sá tími verði ekki lengri en einn mánuður).
- (c) Innan 5 viðskiptadaga frá dagsetningu þess að ákvörðun matsaðilans er afhent aðilunum skal Kaupþing afhenda eða sjá um afhendingu til Nýja Kaupþings

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

á endurskoðaðri áætlun um endanlegt mat sem inniheldur þær lagfæringar sem matsaðillinn hefur ákveðið, ásamt þeim upplýsingum sem réttmætt er að ætlast til að Nýja Kaupþing geti krafist í því augnamiði að meta endanlegt mat. Hið endurskoðaða endanlega mat skal vera endanlegt og bindandi fyrir Nýja Kaupþing og Kaupþing frá afhendingardegi þess til Kaupþings.

## 11.6 Greiðsla

Á þeim degi sem endanlegt virðismat er samþykkt eða ákveðið á annan hátt í samræmi við 11 gr. (sú dagsetning skal vera „lokadagsetning“) skal skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings vera greidd að fullu í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

- (a) **Ákvörðun á skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings.** Skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings er endanlega ákvörðuð í samræmi við endanlegt virðismat á aðgreindum eignum og eins og nánar er kveðið er á um í samningi þessum. Kaupþing og Nýja Kaupþing skulu greiða viðeigandi útistandandi upphæðir ásamt uppsöfnuðum vöxtum í reiðufé eða með flutningi eigna í samræmi við þessa 11.6.

**Áhrif breytinga á virðismati.** Ef, og að því marki sem sameiginlegt virði aðgreindra eigna er kemur fram í endanlegu virðismati („endanlegar aðgreindar eignir“) er hærra en samanlagt virði aðgreindra eigna sem kemur fram í upphaflegu virðismati („upphaflegar aðgreindar eignir“), þá skal upphæð að jafnvirði 80 prósentu af slíkum mismun dregin frá skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings. Ef skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings telst lokið vegna hækkunar á samanlögðu virði aðgreindra eigna (slík hækkun telst þá vera 125% af skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings) fær Kaupþing greiðslu frá Nýja Kaupþingi að upphæð 50% af slíkri hækkun, allt að 10 milljörðum íslenskra króna meira upphæðina sem þarf til lúkningar á skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings. Til að taka af allan vafa skal engin slík greiðsla vera hærra en 5 milljarðar íslenskra króna og myndi ekki byrja að safnast upp fyrr en skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings hefði verið lokið í samræmi við meginreglur þær sem hér er getið um. Nýja Kaupþing getur greitt skuldina í reiðufé eða aðgreindum eignum.

Við lækku skuldar Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings í samræmi við þessa 11. gr. skal fyrst lækka skuld í evrum og ekki skal lækka skuldina í íslenskum krónum fyrr en mismunurinn milli upphaflegra aðgreindra eigna og endanlegra aðgreindra eigna hefur náð 125% af skuldinni í evrum.

- (b) **Vextir.** Vextir á skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings skulu reiknaðir út samkvæmt meðal ársvirði skuldar Kaupþings/skuldar Nýja Kaupþings á tímabilinu 21. október 2008 til lokadags (meðalvirðið skal ákvarðað á grundvelli upphaflegs mats á skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings og í samræmi við öll tímabundin virðismöt sem framkvæmd voru, svo og endanlegt virðismat). Nafnverðisfjárhæðin sem þannig er ákvörðuð skal bera vexti að sem nema EURIBOR að viðbættum 175 punktum á skuldinni í evrum og íslenska vexti á skuldinni í íslenskum krónum. Aðilarnir skulu gefa út greiðslutilkynningu um vörslueignir í samræmi við það. Greiðslan sem Kaupþing kann að fá samkvæmt þessari grein 11.6 skal bera íslenska vexti.
- (c) **Framkvæmd greiðslna.** Greiða má hluta skuldar Kaupþings/skuldar Nýja Kaupþings eða hana í heild í reiðufé að geðþótta Kaupþings. Skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings má einnig gera upp með því að Kaupþing framselur eignir í evrum til Nýja Kaupþings með fullum eignarrétti og án nokkurra

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

kvaða (nema að því marki sem slík kvöð hafi verið samþykkt skriflega af báðum aðilum) og skulu þær eingöngu ganga til lækkunar á skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings. Hver vörslueign sem framseld er til Nýja Kaupþings samkvæmt þessari gr. 11.6 (c):

- (i) skal framseljast í heild sinni en ekki að hluta; og
  - (ii) skal ekki binda Nýja Kaupþing (sem framsalshafa) við neinar frekari skuldbindingar um lánveitingu;
- (d) **Mynt:** Skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings skal gera upp í þeirri mynt sem Kaupþing ákveður, í EUR hvað varðar skuldina í evrum og í ISK hvað varðar skuldina í íslenskum krónum þegar greiðsla fer fram. Kaupþing getur gert upp skuldina með eignum eða reiðufé í öðrum myntum en íslenskum krónum eða evrum á viðeigandi gengi á greiðsludegi. Ef Kaupþing hefur í huga að greiða alla skuldina eða hluta hennar í mynt sem ekki er hægt að nýta í slíkum gjaldeyrisskiptum á greiðsludegi ef um er að ræða truflun á markaðnum eða óviðráðanleg atvik (force majeure) getur Nýja Kaupþing hafnað því að taka við slíkri greiðslu þar til truflunin eða hið óviðráðanlega atvik er liðin hjá. Á þeim degi skal skuldin sem eftir er greidd með vöxtum (EURIBOR+175 punktar). Ef truflun á markaði eða óviðráðanleg atvik eru enn til staðar tólf mánuðum eftir endanlegt mat skulu aðilarnir hefja samninga um samkomulag til að fá sömu fjárhagslegu niðurstöðu eins og engin truflun á markaði né óviðráðanlegt atvik hafi átt sér stað. Ef samningar nást ekki innan 30 daga skal vísa þeim ágreiningsefnum sem þá eru eftir um hvernig gera beri upp skuldina til gerðardóms í samræmi við það ferli sem kveðið er á um í gr. 10.3 í samningi þessum.
- (e) **Aflétting trygginga** Þegar skuld Kaupþings/skuld Nýja Kaupþings hefur verið gerð upp í samræmi við þessa 11. gr. skulu aðilarnir aflétta viðkomandi tryggingarhagsmunum sem eru í vörslu samkvæmt samningi þessum.

## 12 MATSAÐILI

### 12.1 Við málskot til matsaðila í samræmi við samning þennan

- (a) skulu Kaupþing og Nýja Kaupþing starfa saman og þurfa báðir aðilar að gera það sem nauðsyn ber til svo tryggt sé að þeir skilmálar um tilnefningu matsaðila muni gera matsaðilanum kleift að koma ákvæðum samnings þessa í framkvæmd og starfa í samræmi við þau;
- (b) ef matsaðillinn er af einhverri ástæðu ófær um að starfa skulu Kaupþing og Nýja Kaupþing tryggja að annar matsaðili sé tilnefndur í hans stað samkvæmt efnislega sömu skilmálum.
- (c) Nýja Kaupþing og Kaupþing skulu með eðlilegum fyrirvara hvort um sig útvega matsaðilanum eða sjá til þess að honum verði útvegaðar allar þær upplýsingar og aðgangur að gögnum og starfsmönnum sem matsaðillinn getur með réttmættum hætti krafist til þess að komast að niðurstöðu samkvæmt samningi þessum;
- (d) Nýja Kaupþing og Kaupþing skulu tafarlaust gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að skilmálar þessarar 12. gr. samningsins séu uppfylltir;
- (e) matsaðillinn getur, með réttmætu ákvörðunarvaldi, úrskurðað um aðrar ráðstafanir til að aðstoða hann við að taka ákvörðun eins og honum finnst rétt eða

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

viðeigandi, þar með talið (að því marki sem nauðsynlegt kann að þykja) gefa faglegum ráðgjöfum fyrirmæli um að aðstoða hann við að taka sína ákvörðun;

- (f) matsaðillinn skal starfa sem sérfræðingur en ekki sem gerðardómsmaður;
- (g) ákvörðun matsaðilans, sé hún frí af sviksemi eða grundvallarvillum, skal teljast endanleg og bindandi fyrir aðilana;
- (h) nema annað sé ákveðið í samningi þessum skulu aðilarnir gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma ákvörðun matsaðilans að fullu innan tveggja viðskiptadaga frá því slík ákvörðun var tilkynnt aðilunum; og
- (i) Nýja Kaupþing og Kaupþing skulu bera eigin kostnað af matsaðilanum. Þóknun matsaðilans og annar kostnaður sem réttilega er áfallinn vegna hans við að taka ákvörðun sína (þar með taldar þóknanir og kostnaður við ráðgjafa sem matsaðillinn tilnefnir) skal borin af Nýja Kaupþingi og Kaupþingi að jöfnu eða í þeim hlutföllum sem matsaðillinn tilgreinir.

### 13. FLUTNINGUR Á NÚLLVIRÐISEIGNUM

Innan tveggja mánaða frá undirritunardegi, skulu núllvirðiseignir, eða hluti núllvirðiseigna yfirfærður til Kaupþings að skriflegri ósk Nýja Kaupþings á núllvirði og án greiðslu Kaupþings til Nýja Kaupþings varðandi slíka yfirfærslu.

### 14. INNLÁN Í VÖRSLU NÝJA KAUPÞINGS

Á undirritunardegi eru innlán í íslenskum krónum í vörslu Nýja Kaupþings sem inneignir viðskiptavina Kaupþings. Innlán í íslenskum krónum skulu varðveitt með eftirfarandi skilmálum.

- (i) Einn þriðji hluti samanlagðra innlána í íslenskum krónum skal vera tiltækur þegar þess er óskað;
- (ii) Einn þriðji hluti samanlagðra innlána í íslenskum krónum skal vera í vörslu eigi skemur en í eitt ár frá undirritunardegi; og
- (iii) Einn þriðji hluti samanlagðra innlána í íslenskum krónum skal vera í vörslu eigi skemur en í tvö ár frá undirritunardegi.

### 15. GILDISTAKA OG UPPSÖGN SAMNINGSINS

#### 15.1 Gildistaka ákvæða samnings þessa

Við undirritun samnings þessa skulu ákvæði 1, 2, 8, og 12 til 23 gr. (að báðum meðtöldum) ganga í gildi án tafar og aðilarnir eru skuldbundnir til að uppfylla skyldur sínar í samræmi við þær greinar. Þær greindar samningsins sem eftir eru skulu ganga í gildi við gildistökudag hans.

#### 15.2 Uppsögn

Ef eitthvert eftirfarandi atvika á sér stað er þessum samningi sagt upp og hvorugur aðili skal bera skaðabótaábyrgð gagnvart hinum hvað varðar gagnkvæmar skuldbindingar þeirra samkvæmt samningi þessum:

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAFÝÐANDI

- (a) sameiginlegt skriflegt samkomulag um að segja upp samningnum; og
- (b) lokið er samningi um fjármögnun Kaupþings.

## 16. TILKYNNINGAR

### 16.1 Aðferðir við miðlun tilkynninga og annarra samskipta

Tilkynning, leyfi eða önnur samskipti samkvæmt samningi þessum eða í tengslum við hann skulu vera:

- (a) skrifleg;
- (b) á ensku;
- (c) undirrituð af hálfu þess aðila sem sendir hana; og
- (d) afhent í eigin persónu eða sent með skráðum ábyrgðarpósti eða faxi á viðkomandi aðila á tengilið, heimilisfang og faxnúmer sem tiltekið er í gr. 15.2 (eða tilkynnt að öðrum kosti af viðkomandi aðila samkvæmt gr. 15.6 til annars tengiliðar, heimilisfangs eða faxnúmers eins og þá hefur verið tilgreint).

### 16.2 Heimilisföng

Tengiliður, heimilisfang og faxnúmer aðila er (nema annað sé tilgreint í samræmi við gr. 15.6):

- (a) Varðandi Nýja Kaupþing:

Heimilisfang: Borgartún 19, 105 Reykjavík

Fax: 444 6119

b/t: Finnur Sveinbjörnsson og Björk Þórarinsdóttir

- (b) Varðandi Kaupþing

Heimilisfang: Borgartún 19, 105 Reykjavík

Fax: 444 6129

b/t: Steinar Þór Guðgeirsson and Kolbeinn Árnason

### 16.3 Tími sá sem samskipti skulu teljast afhent

Nema sannað sé að tilkynningin hafi borist fyrr skal hún eða önnur samskipti sem eru í samræmi við gr. 15.1 talin vera afhent:

- (a) ef boðsent, þegar afhending fer fram, nema svo sem kveðið er á um í gr. 15.4;
- (b) ef sent í skráðum ábyrgðarpósti þegar afhending fer fram, undirritað af viðtakanda;
- (c) ef sent er með faxi þegar sending fer fram nema svo sem kveðið er á um í gr. 15.4.

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

### Áhrif boðsendingar eða faxsendingar eftir kl. 18:00 eða á degi sem ekki er viðskiptadagur

- (a) Ef ætluð afhending í samræmi við gr.15.3 á tilkynningu eða öðrum samskiptum fer fram með boðsendingu eða faxi fyrir kl. 09:00 á viðskiptadegi skal tilkynningin eða önnur samskipti teljast afhent kl. 09:00 þann sama dag.
- (b) ef ætluð afhending í samræmi við gr.15.3 á tilkynningu eða öðrum samskiptum fer fram með boðsendingu eða faxi eftir kl. 18:00 á viðskiptadegi eða á degi sem ekki er viðskiptadagur skal tilkynningin eða samskiptin tali hafa verið afhent kl. 09:00 þann næsta viðskiptadag.

### 16.5 Tími dags

Í þessari grein eru tilvísanir til tíma miðaðar við staðartíma á Íslandi.

### 16.6 Tilkynning um breytingar á atriðum er varða tilkynningar

Aðili getur tilkynnt hinum aðilanum um breytingu á öllum atriðum sem vísað er til í gr. 15.2. Tilkynningin þarf að samræmast skilmálum í gr. 15.1 og þarf að tilgreina þann dag sem breytingin á að eiga sér stað. Sá dagur skal vera á fimmta viðskiptadegi eða síðar eftir dagsetningu á afhendingu tilkynningarinnar.

## 17. ÞAGNARSKYLDA

### 17.1 Skuldbindingar

Hvor aðili að samningi þessum gengst undir eftirfarandi að því marki sem hann telst viðtökuaðili:

- (a) Viðtökuaðili gengst undir að nota trúnaðarupplýsingar eingöngu í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og ekki í neinu öðru augnamiði;
- (b) Viðtökuaðilinn skal fara með trúnaðarupplýsingar sem einkamál og trúnaðarmál og skal gera allar viðskiptalega skynsamlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að þær verði birtar þriðja aðila; slíkar ráðstafanir skulu meðal annars vera aðgerðir sem hann myndi grípa til í þeim tilgangi að vernda trúnað eigin upplýsinga og fela í sér án takmarkana, geymslu trúnaðarupplýsinga á öruggum og tryggum stað.
- (c) Viðtökuaðilinn skal tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins birtar þeim starfsmönnum þess, yfirmönnum og faglegum ráðgjöfum (þar með taldir lögfræðilegir ráðgjafar) sem nauðsyn ber til í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar hans í samræmi við samning þennan. Viðtökuaðilinn skal einnig tilkynna starfsmönnum þess, yfirmönnum og faglegum ráðgjöfum (og gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja framfylgni af hálfu þeirra) sem fá í hendur trúnaðarupplýsingar um skilmála þessarar 16. gr.
- (d) Viðtökuaðili skal gera allar viðskiptalega réttmætar ráðstafanir til að birta ekki neinum þriðja aðila trúnaðarupplýsingar yfirhöfuð né láta uppi um hvorki eðli viðskiptanna né þá staðreynd að samningaviðræður séu í gangi varðandi hugsanleg viðskipti (þar með talin staða þeirra); og
- (e) Viðtökuaðilinn samþykkir að varðveita öll skjöl og efni sem inni halda trúnaðarupplýsingar á öruggum og tryggum stað og ef birtingaraðili æskir þess að skila þeim eða eyða samkvæmt beiðni öllum slíkum skjölum og efni

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÜLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

án þess að halda eftir afritum þar af innan 5 viðskiptadaga og til að tilgreina, hreinsa út og eyða eins og unnt er, öllum trúnaðarupplýsingum sem vistaðar eru á ritvinnslukerfum eða tölvukerfum eða á öðru rafrænu formi.

## 17.2 Leyfð upplýsingagjöf

Gr. 16.1 skal ekki eiga við um upplýsingagjöf eða notkun upplýsinga ef:

- (a) krafist er upplýsingagjafar eða notkunar upplýsinga samkvæmt gildandi lögum, valdbær umdómstól eða þar til bærrí stofnun á sviði laga, yfirvalda, eftirlits eða stjórnvalda.
- (b) krafist er birtingar eða notkunar í reglum kauphallar eða skráningarstofnana þar sem hlutir eða önnur verðbréf í aðila í samstæðu birtingaraðila eru skráð eða viðskipti með þau stunduð.

## 17.3 Samráð nauðsynlegt fyrir leyfða upplýsingagjöf

Viðtökuaðilinn skal eingöngu birta upplýsingar við þær kringumstæður sem tilgreindar eru í gr. 16.2 ef það hefur ráðfært sig við birtingaraðilann áður en birting fer fram og tekið tillit til krafna birtingaraðilans varðandi tímasetningu, innihald og aðferð við birtinguna að því marki sem hún er leyfð í gildandi lögum eða reglugerð og eftir því sem skynsamlegt er að gera það.

## 18. KOSTNAÐUR

Sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum skal hvor aðili um sig greiða eigin kostnað sem fellur á í sambandi við samningagerð, undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu samnings þessa.

## 19. FRÁVIK

Frávik frá samningi þessum er aðeins gilt ef það er skriflegt og undirritað af hvorum aðila um sig eða undirritað fyrir hönd þess aðila af viðurkenndum fulltrúa þess.

## 20. UNÐANÞÁGA

Vanræksla á að framkvæma eða tafir á framkvæmd réttinda eða úrbóta sem í samningi þessum felast eða samkvæmt lögum telst ekki undanþága frá réttindum eða úrbótum eða undanþága frá öðrum réttindum eða úrbótum. Engin ein framkvæmd, í heild eða að hluta til á réttindum eða úrbótum sem í samningi þessum felast eða samkvæmt lögum, skal koma í veg fyrir framkvæmd á réttindum eða úrbótum eða framkvæmd á öðrum réttindum eða úrbótum. Undanþága frá broti á samningi þessum telst ekki undanþága frá verðandi eða fyrrverandi broti á samningnum.

## 21. RÉTTINDI OG ÚRBÆTUR ERU UPPSÖFNUÐ

Réttindi og úrbætur samkvæmt samningi þessum eru uppsöfnuð og útiloka ekki nein réttindi né úrbætur sem kveðið er á um í lögum.

## 22. EINTÖK

Samning þennan má gera í svo mörgum eintökum sem þurfa þykir og hvor aðili getur gerst aðili að samningi þessum með því að framfylgja hvaða eintaki hans sem er. Eintak telst vera upprunalegt eintak af samningnum og framkvæmd allra eintaka hans til samans hefur sömu áhrif og ef hvor aðili framkvæmdi sama eintakið.

SIJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

23. ÞRIÐJU AÐILAR

Enginn einstaklingur sem ekki er aðili að samningi þessum getur framfylgt samningnum.

24. GILDANDI LÖG

Samningur þessi skal lúta íslenskum lögum og aðilar samþykkja óafturkræft að íslenskir dómstólar hafi einir lögsögu þar um.

*[ÓLÆSILEGAR UNDIRSKRIFTIR aths. þýð]*

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÜLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI



VIÐAUKI 1A

TILKYNNING UM GREIÐSLU VÖRSLUEIGNA

Til: [Vörslubanki]

Fax: [            ]

Email: [        ]

Sími [                    ]

Kæru viðtakendur

Í samræmi við gr. 4.1 í vörslusamningnum milli okkar dags [•] 2009 („vörslusamningnum“) þá veitum við, Kaupþing banki hf., og Nýja Kaupþing banki hf. hér með fyrirmæli um að greiða upphæðina sem tilgreind er í 2. dálki hér að aftan (að fráregnum gjöldum og kostnaði sem þú verður fyrir í tengslum við atriði er vísað er til í vörslusamningnum og öðrum frádrætti eða eftirhaldi sem krafist er samkvæmt lögum) til aðilans sem tilgreindur er í 1. dálki hér að aftan inn á reikning þess aðila sem tilgreindur er í Villa! Upprunaleg tilvísun finnst ekki. (*Upplýsingar um greiðslu*) á vörslureikningnum eða inn á þann reikning sem þeim aðila hefur verið tilkynnt um í samræmi við grein Villa! Upprunaleg tilvísun finnst ekki. (*Tilkynningar*) um vörslu

Orð og orðalag í samningnum skulu hafa sömu merkingu hér.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd og af hálfu Kaupþings banka hf

[ÓLÆSILEGAR UNDIRSKRIFTIR, aths. þýð.]

Nafn viðtakanda greiðslu (1)

Upphæð sem færast af vaxtareikningi (2)

BJARNI GUNNARSSON  
RÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

VIÐAUKI 2

AÐGREINDAR EIGNIR

Röð	FSV flokkur	Kennitala lookup	Nafn
<i>[svertur texti á síðu 34]</i>			
<i>[svertur texti á síðu 35 nema:]</i>			
19	BM Vallá	560269-5369	Sementsverksmiðjan hf
19	BM Vallá	560669-0179	B.M. Vallá ehf
19	BM Vallá	651005-1160	Fasteignafélagið Ártún

*[svertur texti á síðu 36-37]*

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

Viðauki 3

NÚLLVIRÐISEIGNIR

[SVERTUR TEXTI]

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

## VIÐAUKI 4

### MEGINREGLUR VIRÐISMATS

#### 1) Meginregla

Heildarnúvirði aðgreindra eigna á virðismatsdegi - uppfært upphaflegt virðismat (viðmiðunarmat) á aðgreindum eignum á virðismatsdegi - aukning á virði aðgreindra eigna

#### 2) Meginreglur virðismats

Upphaflegt virði er virði á stöðum upphafsefnahagsreiknings þann 22. október 2009 á NKB

Viðmiðunarmat er virði sem er afleiðing af upphaflegri lánastöðu:

Lán: Uppfærsla á upphaflegu virðismati þarf að taka tillit til fyrirhugaðra raunverulegra vaxta eins og spáð er fyrir um í viðskiptaáætluninni að meðtöldum öllum breytingum á grunnstigi, að frádragnum greiðslum sem fengnar eru frá upphaflegum kröfum er tengjast við verga stöðu lánanna (t.d. vaxtagreiðslur, undanþágugjöld, endurgreiðslur á höfuðstól)

Eigið fé Uppfærsla á upphaflegu virðismati þarf að taka tillit til fyrirhugaðrar ávöxtunar að meðtöldum öllum breytingum á grunnstigi, að frádragnum greiðslum sem fengnar eru frá upphaflegum kröfum er tengjast við verga stöðu lánanna (t.d. greiddum þóknunum, arði)

Aðrir eignaflokkar/kröfur: virðismatið þarf að taka tillit til almennrar arðsemi á markaði

Taka þarf tillit tilnýrra lána til viðkomandi lántaka í viðmiðunarvirðismatinu með því að auka viðmiðunargildið ef slíkra lána er þörf til að halda upp virði lánsins. Í viðmiðunarvirðismatinu skal ekki taka tillit til lána sem hafa slæm áhrif á upphaflegt virði aðgreindrar eignar (t.d. tryggingavirði sem þegar er varið af virði lánsins) (t.d. engin hækkun á viðmiðunarvirði)

-Núvirði aðgreindrar eignar skal vera markaðsverð eins og það kemur fram á efnahagsreikningi eða metið á annan hátt ef það er ekki tilgreint í efnahagsreikningnum. Virði skal ná til allra krafna sem orsakast af vergri stöðu upphaflega lánsins. Virðið ætti að vera nettað söluvirði þar sem tekið er tillit til kostnaðar við að afla söluvirðis eignanna (til að taka af allan vafa skulu þær deildir Nýja Kaupþings sem vinna að því að ná söluvirði slíkra eigna við sölulok vinna sér inn staðalþóknanir á markaði; kostnaður sem varðar upphaflega endurskipulagningu lánsins sem eru beint eða óbeint felld inn í viðskiptaáætlunina eru talin vera leiðrétt inn í virðismatið nema ef umtalsverður ytri kostnaður myndast sem skynsamur viðskiptaaðili hefði áttað sig á).

Aðilarnir gangast undir að samþykja öll atriði sem ekki er leyst úr í samræmi við þessar meginreglur til að útvega matsaðilanum viðeigandi leiðbeiningar til þess að framkvæma matið í samræmi við samning þennan.

ARNI GUNNARSSON  
RÁÐGAFUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI

FRAMKVÆMT af aðilunum:

Undirritað af hálfu  
**Kaupþings banka hf.**  
fyrir hönd

Forstjóri/ritari

Undirritað af  
**Nýja Kaupþingi banka hf.**  
fyrir hönd

Forstjóri

Forstjóri/ritari

[ÓLÆSILEGAR UNDIRSKRIFTIR, aths. þýð.]

BJARNI GUNNARSSON  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI